

**Bls. 24**

Grænfána fagnað  
á Hálsakoti




**Bls. 8**



Meira þrýst á hækkun lægstu launa

**Bls. 14**



Námsráðgjöf á vinnustöðum

**Bls. 10**



Ekki missa af Köben





## Útgefandi:

Efling-stéttarfélag  
Sæturni 1

## Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

## Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

## Blaðamaður

Róbert Ágústsson

## Ritstjórn

Garðar Vilhjálmsson  
Guðmundur Þ. Jónsson  
Sigurður Bessason  
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

## Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lilja Sigurðardóttir  
Ágúst Þorláksson  
Bergþóra Margrét Jóhannsdóttir  
Fjóla Jónsdóttir  
Garðar Vilhjálmsson  
Guðmundur Þ. Jónsson  
Guðrún Kr. Ólafsdóttir  
Harpa Ólafsdóttir  
Hjálmfríður Þórðardóttir  
Hjördis Baldursdóttir  
Hjördis Þorsteinsdóttir  
Hulda Hafsteinsdóttir  
Ingunn Þorsteinsdóttir  
Kristjana Valgeirsdóttir  
Margrét Davíðsdóttir  
Oddný Einarisdóttir  
Ólöf Björk Björnsdóttir  
Sigriður Ólafsdóttir  
Sigurður Bessason  
Sigurlaug Gröndal  
Sveinn Ingvason  
Tryggvi Marteinsson  
Þórdís Andrésdóttir  
Þórir Guðjónsson  
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir  
Þráinn Hallgrímsson

## Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir  
Elín Baldursdóttir  
Elín Hanna Kjartansdóttir  
Hallsteinn Friðbjófsen

## Starfsafl

Kolbrún Stefánsdóttir  
Jóna Vigdís Kristinsdóttir

## Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír,  
auglýsingastofa

## Prentun og bókband

Oddi hf.

## Auglýsingar

Hæfir sf

## Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

## Á forsiðu

Starfsmenn og leikskólabörn á  
Hálsakoti fagna Grænfánanum

## Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sæturni 1.  
Sími 510 7500/fax 510 7501

## Skrifstofa Eflingar er opin

á Sumartíma frá öðrum mánudag í maí-  
mánuði ár hvert 08.30 - 16.00  
á Vetrartíma frá öðrum mánudag í sept-  
ember frá 08.30-16.30.  
Alla föstudaga er skrifstofa lokað kl.  
16.00

## Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern  
fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greidd-  
ar inn á bankareikning viðkomandi.  
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510  
myndsendir: 510 7511

Sigurður Bessason

# Nám og þekking

## Mikilvægur hluti af kjörum okkar

Kjarasamningar mynda grunn að launakerfi á vinnumarkaði. Laun fólks eru samansett af annarsvegar því sem kjarasamningar gera ráð fyrir en þar til viðbótar kemur það sem fólk semur um í persónubundnum ráðningarsamningum. Mikilvægi kjarasamninga felst í því að setja skýr lágmörk í launum og réttindum. Um leið er þetta grunnur til að semja ofan á. Persónubundnir ráðningarsamningar eru mikilvægir en þar er tekið tillit til afraksturs, ásamt hæfni, þekkingu og getu þess sem um semur. Hér hafa stéttarfélög komið í vaxandi mæli að því að styðja við bakið á félagsmönnum og skiptir þá mestu máli að bjóða félagsmönnum leiðir til að mennta sig og þjálfra, auka þroska og þekkingu. Menntun og þekking eru grunnur að aðlögunarhæfni og sjálfsstrausti. Samningsstaða starfsmanns markast af þessu þegar kemur að því að semja um endanleg ráðningarkjör.

Efling mun nú í haust bjóða félagsmönnum mikið úrval af námi og námskeiðum sem gera starfsmenn hæfari í starfi og þannig öflugri í samskiptum við atvinnurekendur. Í styttri námskeiðum bjóðum við uppá sjálfstyrkingu, framsögn og starfsmannaviðtöl. Í lengra námi bjóðum við m.a. Aftur í nám sem er sérsniðið til að takast á við lesblindu. Í Grunnmenntaskólanum er um að ræða almennt nám á borð við íslensku, stærðfræði og tölvuþekkingu ásamt sjálfstyrkingu og samskiptum. Í Landnemaskólanum er sérsniðið nám fyrir erlenda Eflingarfélaga en þeir eru nú rúmlega tvöþúsund.

Einnig býður Efling fram starfstengd námskeið. Má þar nefna nám fyrir starfsfólk leikskóla, nám fyrir starfsfólk eldhúsa og mótuneyta, námskeið fyrir starfsfólk í mannvirkja- og bygginga- iðnaði, starfsmenn við jarðvinnu, starfsfólk við öryggisgæslu, starfsfólk við ræstingar, aðstoðarmenn símsmiða, starfsmenn skipafélaga og starfsfólk við fiskvinnslu.

Þessi stuðningur Eflingar við félagsmenn sína til menntunar og betri samningsstöðu byggir á starfsmenntasjóðum sem samið hefur verið um í kjarasamningum; Starfsmenntasjóðir Eflingar bjóða einnig beina styrki til allra félagsmanna sem geta skipt sköpum fyrir þá. Merkust nýmæla er síðan námsráðgjöf á vinnustað þar sem Efling stendur að því að senda námsráðgjafa út á vinnustaði til að tala við fólk á kaffistofunni og leiðbeina um það nám sem félagsmenn stunda.

Ég óska öllum Eflingarfélögum gleðilegs námsvetrar - nám og þekking mynda nefnilega mikilvægan hluta af kaupum okkar og kjörum!

## Erfitt verkefni framundan

Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sem gerðir voru 2004 getur komið til uppsagnar kjarasamning ef verðbólgan hefur farið fram úr viðmiðunum hjá Seðlabanka Íslands eða kjarasamningar annarra hópa hafa reynst hafa innihaldið meiri hækkanir launa. Ljóst er að það erfiða verkefni bíður aðila vinnumarkaðarins að finna lausn þar sem verðbólgan hefur farið út fyrir þær viðmiðanir sem gefnar voru. S.l. 12 mánuði hefur verðbólgan hækkað um 3,7% miðað við ágústmánuð og í reynd er hún 1.2 % yfir verðbólgu markmiðum Seðlabankans. Olíuverðið á uppleið, sumarútsölur búna og enn heldur húsnæðisverðið áfram að hækka. Því blasir við að ekki er bjart með lækkan vísitölunnar á næstunni.

Sigurður Bessason  
formaður Eflingar-stéttarfélags

## E F N I S Y F I R L I T

|                                        |    |                                    |    |
|----------------------------------------|----|------------------------------------|----|
| Trúnaðarmannafræðslan                  | 6  | Grunnmenntaskólinn opnar leið      | 30 |
| Meiri þrýstingur á hækkan lægstu launa | 8  | Spennandi nám í leikskólum         | 32 |
| Ekki missa af Köben                    | 10 | Skógarbær í Otterup                | 34 |
| Sjórubbjartur himinn og kertaljós      | 11 | Skemmtum okkur                     | 36 |
| Viltu námsráðgjafa?                    | 14 | What support do I have from Efling | 38 |
| Eldhús og mótuneyti                    | 16 | Mest aukning í meiraprófi          | 40 |
| Peningar                               | 18 | Kerlingafjöll                      | 43 |
| Undirbúum bestu árin                   | 19 | Vonandi framhald                   | 44 |
| Um sléttu og Langanes                  | 22 | Starfsmannaviðtöl                  | 46 |
| Gott tækifæri                          | 23 | Ný heimasíða                       | 47 |
| Stolt af Grænfána                      | 24 | Nýtt nám                           | 52 |
| A school for foreign members           | 26 | Alltaf möguleikar                  | 56 |
| Aukin íslenskukennsla                  | 28 | Reitur Eflingar merktur            | 62 |



Verðbólgan komin yfir markmið

## Samningsforsendur brostnar

Allt stefnir í að samningsforsendur á almennum markaði séu brostnar, þar sem að verðbólga hefur farið vaxandi og er nú 1,2% yfir verðbólguþröngun.

Seðlabanka Íslands sem er 2,5%.

Í nóvember munu fulltrúar ASÍ og Samtaka Atvinnulífsins meta stöðuna og þurfa samningsaðilar að koma sér

saman um niðurstöður og viðbrögð við þeim fyrir 10. desember, en þá rennur út uppsagnarfrestur kjarasamningsins.

Annars gildir samningurinn til 31. desember 2007. Í nóvember 2006 er svo aftur hægt að taka samningsforsendur til endurskoðunar ef kjarasamningnum verður ekki sagt upp nú í árslok 2005.



Starfsmat sveitarfélaga

## Mikilvægt að endurmeta störfin reglulega

Enn er verið að meta störf í tengslum við starfsmat sveitarfélaga og er vonast til að það komist í fullan gang núna eftir sumarfrí. Ljóst er að starfsmat verður viðvarandi verkefni og á að tryggja að kerfið endurspegli vinnu-

markað og kröfur til starfsmanna á hverjum tíma. Það er því mikilvægt að endurmeta störf með reglulegu millibili til þess að fylgja eftir breytingum og þróun á störfum.

## Endurskoðun stofanasamninga við ríkið

Endurskoða þarf fjölmarga stofnasamninga við ríkið. Nú er komin eins árs reynsla á þessa samninga, en Efling hafði ekki áður verið með sér samninga við hverja og eina stofnun. Eftir þessa árs reynslu telur Efling að endurskoða þurfi ýmis umönnunarstörf og eru þar á meðal störf félagsliða.

## Reykjavíkurborg

Kjarasamningur Eflingar og Reykjavíkurborgar er laus 30. nóvember nk. og er undirbúningsvinna hafin fyrir gerð nýrra kjarasamninga við borgina.





Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur hjá ASÍ ræðir við trúnaðarmenn Eflingar sem sóttu námskeið í hagfræði síðasta vetur

Trúnaðarmannafræðsla Eflingar

# Hagfræði, lausn ágreinings og færnimöppugerð

- Spannandi nám fyrir trúnaðarmenn

Trúnaðarmenn Eflingar eru mikilvægur hlekkur í starfi félagsins og kappkostað er að bjóða þeim uppá fyrsta flokks fræðslu þar sem tekið er á grundvallarþáttum vinnumarkaðarins ásamt því að bjóða uppá sértækari dagsnámskeið fyrir þá sem hafa lokið grunnnámskeiðum. Trúnaðarmannannámskeið I og II eru vikunámskeið sem allir trúnaðarmenn eru hvattir til að sækja, en í framhaldi af þeim er boðið uppá nokkur dagsnámskeið þar sem farið er dýpra í einstaka þætti.

Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt til að sækja þessu námskeið án launaskerðingar en þurfa að sjálfsgöðu að sækja námskeiðin í samráði við yfirmann sinn.

## Trúnaðarmannannámskeið I

Trúnaðarmannannámskeið I verður haldið 19. - 23. september. Á þessu

námskeiði er farið í starf og hlutverk trúnaðarmannsins samkvæmt lögum og samningum ásamt því sem farið er í starfsemi stéttarfélaga, hlutverk þeirra og viðfangsefni.

## Trúnaðarmannannámskeið II

Trúnaðarmannannámskeið II verður haldið þann 14.-18. nóvember fyrir þá trúnaðarmenn sem hafa lokið trúnaðarmannannámskeiði I. Á þessu námskeiði er farið dýpra í starf verkalýðshreyfingarinnar ásamt því sem hagfræðihugtök eru skýrð og farið nánar í almennan vinnurétt og samskipti á vinnustað.

## Fjögur framhaldsnámskeið fyrir trúnaðarmenn

Í framhaldi af námskeiðum I og II hefur Efling boðið trúnaðarmönnum dagsnámskeið þar sem tekið er á ákveðnu efni þar sem valdir sérfræðingar eru fengnir til að kenna.

## • Lausn ágreinings á vinnustað

Fyrsta námskeiðið verður haldið 27. september og fjallar um lausn ágreinings á vinnustað. Hér er um að ræða vinsælt námskeið sem tekur á þeim vanda sem getur komið upp á vinnustað þegar upp kemur ágreiningur, en oft má komast hjá því að slíkur ágreiningur stigmagnist, jafnvel svo að fólk flosnar úr vinnu.

## • Hagfræði fyrir trúnaðarmenn

Annað framhaldsnámskeiðið, sem verður haldið 11. október, verður á sviði hagfræði og nefnist: *Hvað þýða hagfræðihugtök?* Rætt er um skilgreiningar á helstu hugtökum sem svo oft eru á sveimi í fjölmiðlum og í þjóðfélagsmæðunni.

## • Færnimappa trúnaðarmannsins

Þriðja námskeiðið er tveggja daga námskeið 25. og 26. nóv. þar sem farið verður í gerð færnimöppu fyrir trúnaðarmenn. Gerð færnimöppunnar felst í því að greina skipulega það nám og þá þekkingu sem hver trúnaðarmaður hefur og nýta slíka yfirferð til þess að greina styrkleika og veikleika í starfi viðkomandi sem trúnaðarmanns.

## • Þjálfun í framsetningu texta

Efling mun í samvinnu við fræðsludeild ASÍ bjóða uppá nám um meðferð texta og algengar málvillur. Margir trúnaðarmenn þurfa að gera skriflega grein fyrir ýmsum málum sem upp koma á vinnustaðnum eða í starfi fyrir félagið. Í þessu námi er kennd markviss framsetning í texta sem gerir trúnaðarmönnum auðveldara að gera grein fyrir sínu máli og koma hugsunum sínum á blað. Þetta námskeið verður haldið 18. nóvember.

## ► Hvar & hvenær?

**Trúnaðarmannannámskeið I**  
**19. - 23. sept.**

**Trúnaðarmannannámskeið II**  
**14. - 18. nóv.**

**Lausn ágreinings 27. sept.**

**Hagfræði 11. okt.**

**Færnimappa trúnaðarmannsins**  
**25. og 26. nóv.**

**Framsetning texta 22. nóv.**

Öll námskeiðin eru haldin í fræðslusetri Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð. Skráning og nánari upplýsingar er á skrifstofu Eflingar.





Sjúkrabjálfi hjá Bata sjúkrabjálfun í Kringlunni að störfum

Sjúkrasjóður Eflingar tekjutengdur

## Sjóðfélagar ánægðir með aukin réttindi

Eins og áður hefur verið sagt frá í Fréttablaðinu tók ný reglugerð Sjúkrasjóðs Eflingar gildi frá 1. júní s.l. Helstu breytingar eru þær að nú er ein reglugerð í gildi í stað tveggja áður, sjúkrabætur eru nú í fyrsta sinn tekjutengdar hjá þeim sjóðfélögum sjóðsins sem eiga 12 mánaða samfellda aðild að sjóðnum eða lengri. Flestar styrkttegundir voru hækkaðar og nýjar tegundir teknar upp svo sem vegna heyrnartækjakaupa, ættleiðingar, viðtalsmeðferða og fleira.

Með tekjutengingunni er sjóðfélögum sem eiga við langvarandi veikindi að stríða tryggt allt að 100% tekjutap í allt að sex mánuði,

þannig að hagur þeirra batnar verulega miðað við fyrri reglugerð sjóðsins, en áður fengu allir sjóðfélagar dagpeninga sem miðaðir voru við lágmarkstekjur samkvæmt kjarasamningi.

Mikil ánægja er með þessi auknu réttindi hjá sjóðfélögum. Enn er of snemmt að segja til um hver kostnaðaraukning sjóðsins verður við þessar miklu breytingar, en þó er gert ráð fyrir að hún verði ekki undir 30% á ársgrundvelli. Eftir nokkra mánuði kemur í ljós hver fyrstu kostnaðaráhrif verða og mun þá verða skýrt frá því frekar hér í blaðinu og á vef félagsins.

*Illu gengur að fá starfsfólk til starfa á leikskólum*

## Aukinn þrýstingur á hækkun lægstu launa

Þegar niðurstöður starfsmats Reykjavíkurborgar lágu fyrir í desember 2004 var ljóst að launabilið á leikskólum hefur aukist á milli almennra starfsmanna og þeirra sem sinna meiri ábyrgðarstörfum. Það olli að vonum töluverðri óánægju meðal almennra starfsmanna og nú er svo komið að illa gengur að manna þessi störf.

30. nóvember nk. eru kjarasamningar Eflingar við Reykjavíkurborg lausir og má vænta þess að það verði verulegur þrýstingur á að hækka byrjunarlaun. Þá hefur verið bent á að

núverandi launatafla Reykjavíkurborgar sé mjög óhagstæð hjá yngsta aldurshópnum, en byrjunarlaun miðast við einstaklinga yngri en 25 ára sem þýðir að 19 ára einstaklingur þarf að bíða í 6 ár eftir að hækka um starfsaldursþrep. Í nýgerðum kjarasamningi við önnur sveitarfélög miðast hins vegar byrjunarlaun við einstaklinga yngri en 20 ára.

Því má gera ráð fyrir að í komandi kjaraviðræðum við Reykjavíkurborg verði meðal annars lögð áhersla á nýja launatöflu þar sem reynt er að lagfæra kjör þessa hóps.



Félagsmenn!!

## Lúrið þið á athyglisverðri frásögn?

Í félagsblaði Eflingar-stéttarfélags er nokkuð um að félagsmenn sendi greinar til ritstjórnar til að viðra sjónarmið sín varðandi ýmis mál sem snerta félagið. Einnig hafa félagsmenn og velunnarar blaðsins skrifað í það um áhugamál sín m.a. um erlend málefni, mannréttindamál auk að sjálfsögðu greina um launa- og kjaramál.

Ritstjórn blaðsins vill hér með hvetja félagsmenn til að láta enn meira í sér heyra. Blaðið er lifandi og opin miðill fyrir skoðanir allra félagsmanna. Orðið er laust fyrir sjónarmið ykkar í kjara-, samninga-, og félagsmálum. Einnig er ætíð vel þegið þegar félagsmenn Eflingar segja frá reynslu sinni t.d. af ferðum erlendis þar sem þeir taka þátt í athyglisverðum verkefnum.

Handritum má skila á skrifstofu Eflingar Sætúni 1, 105 Reykjavík, merkt: Félagsblað. Einnig er hægt að senda tölvupóst til ritstjóra á netfangið [thrainn@efling.is](mailto:thrainn@efling.is).

Handrit mega vera handskrifuð, vélrituð eða á tölvutæku formi og taka þarf fram nafn höfundar og kennitölu.



Viltu breyta til um jólin?

# Ekki missa af Kaupmannahöfn!



Alltaf gaman að spóka sig á Strikinu sem er skammt frá leiguíbúð Eflingar

Vegna mikilla vinsælda íbúðarinnar í Kaupmannahöfn verður hún í leigu í allan vetur. Í lok júní var byrjað að taka við pöntunum í íbúðina fram að áramótum og er hún nánast orðin fullbók-uð. Enn eru nokkrir virkir dagar lausir og síðan er laust um jólin. Hvernig væri nú að breyta til og verja jólinum í gömlu höfuðborginni, borða dansk smörrebröd, julefrokost og danska svínasteik að hætti Kaupmannahafnar-búa?

Viðbrögðin hjá félagsmönnum sem hafa farið í íbúðina í sumar eru hreint frábær, allir eru mjög ánægðir með staðsetningu og íbúðina sjálfa. Þó Kaupmannahöfn sé skemmtileg að sumri, er

veturinn þar ekki síðri. Tívolífið er opið með jólamarkaði og frábærum veitingastöðum og nú geta Íslendingar verslað í bæði Illum og Magasín Du Nord á heimavelli! Það er að sögn mjög gaman að vera með íslensk greiðslukort í Kaupmannahöfn þessa stundina.

Byrjað er að taka við pöntunum fyrir

mánuðina janúar til júní 2006 **mánudaginn 12. september nk.** Páskar eru undanskildir þar sem þeir fara í sérúthlutun með öðrum orlofshúsum.

Um er að ræða ýmist helgarleigu og þá er hægt að bæta við aukadegi eða leigja íbúðina í heila viku.

## Leigugjald:

Helgarleiga. Föstud. -mánud.  
eða fimmtud. -sunnud. 20.000,-

Aukadagur við helgi 5.000,-

Vikuleiga 35.000,-

Leiga í miðri viku  
(lágmark 3 dagar) 15.000,-



Íbúðin sem Efling er með á leigu er mjög vistleg eins og sést á þessari mynd af stofunni

# Stjörnubjartur himinn, kertaljós og rómantík!

## Hvað er notalegra?

Nú er veturinn að koma og vetrarleiga orlofshúsanna að hefjast. Efling bíður í vetur félagsmönnum sínum 44 hús og íbúðir til afnota og þar af eru 30 með heitum potti. Vetrarleiga hefst 2. september, en skráning hófst 15. ágúst síðastliðinn.

Hvað er notalegra en að fara út úr bænum yfir helgi eða lengri tíma í kuldanum, vera í hlýlegum bústað með kertaljós, góðan mat og notalegheit? Flest húsín eru í þægilegri fjarlægð frá Reykjavík og öll eru þau vönduð heilsárshús og vel útbúin.

Byrjað er að taka á móti bókunum og hafa félagsmenn þrjá virka daga til að greiða leigu og ganga frá samningi eftir bókun. Hægt er að bóka sex mánuði fram í tímann. Eingöngu er leigt til félagsmanna og hver félagsmaður getur bókað sig í eitt hús. Þessi takmörk eru sett til að sem flestir félagsmenn eigi þess kost að nýta sér húsín og íbúðirnar.

Félagsmaður sem tekur á leigu hús eða íbúð er ábyrgur fyrir því að því sé skilað vel þrífnu í lok dvalar og vel sé skilið við húsín að öllu leyti. Óheimilt er að lána öðrum húsín.

Nánari upplýsingar um húsín er hægt að nálgast á heimasíðu Eflingar – stéttarfélag [www.efling.is](http://www.efling.is) og smelt er á síðu orlofssjóðs.

Símenntun fyrir starfsmenn í umönnun

## Fagnámskeið í umönnun að hefjast

Fagnámskeið I fyrir starfsmenn í umönnun hefst 5. október og stendur til 25. nóvember. Kennt verður á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 14.00- 17.20

Fagnámskeið II er áætlað að hefjist 10 febrúar 2006.

Boðið verður upp á sérstaka leið fyrir starfsmenn á geðdeildum sem kynnt verður fyrir þeim á næstu vikum.



Vertarævintýri í Úthlíð.

## Húsín okkar í vetur!

Eftirtalin orlofshús og íbúðir verða til útleigu fyrir félagsmenn í vetur

|                                  |          | Vikuverð | Helgarverð |
|----------------------------------|----------|----------|------------|
| <b>Kirkjubæjarklaustur</b>       | 3 hús    | 14.000,- | 8.000,-    |
| <b>Íbúðir á Akureyri</b>         | 5 íbúðir | 15.500,- | 9.500,-    |
| <b>Svignaskarð í Borgarfirði</b> |          |          |            |
| stór hús / heitir pottar         | 6 hús    | 15.500,- | 9.500,-    |
| <b>Svignaskarð í Borgarfirði</b> |          |          |            |
| lítil hús / heitir pottar        | 7 hús    | 14.000,- | 8.000,-    |
| <b>Hvammur í Skorradal</b>       | 1 hús    | 17.000,- | 11.000,-   |
| <b>Húsafell í Borgarfirði</b>    |          |          |            |
| heitir pottar                    | 3 hús    | 15.500,- | 9.500,-    |
| <b>Úthlíð í Biskupstungum</b>    |          |          |            |
| heitir pottar                    | 3 hús    | 15.500,- | 9.500,-    |
| <b>Flúðir</b>                    |          |          |            |
| heitur pottur                    | 1 hús    | 15.500,- | 9.500,-    |

Bein leiga hjá umsjónarmanni á staðnum:

|                     |        |                |
|---------------------|--------|----------------|
| <b>Illugastaðir</b> | 2 hús  | sími: 462 6199 |
| <b>Ölfusborgir</b>  |        |                |
| heitir pottar       | 10 hús | sími: 483 4260 |
| <b>Einarsstaðir</b> | 3 hús  | sími: 861 8310 |





Af gefnu tilefni!

## Hugsum vel um orlofshúsin okkar

Orlofshúsin eru eign okkar allra og ber okkur því skylda til að hugsa vel um þau. Því miður eru dæmi um að illa sé gengið um húsin þó félagsmenn gangi almennt vel um hús og allan húsbúnað. Það er gullvæg regla sem allir ættu að temja sér að skila húsunum eins og við myndum vilja koma að þeim sjálf.

Hafa ber einnig í huga að við erum ábyrg fyrir skilum á húsunum og umsjónarmaður á svæðinu fer yfir húsin og lætur skrifstofu Eflingar vita ef frágangur er ekki nægilega góður. Í þeim tilvikum þar sem þrifa þarf sérstaklega er viðkomandi gert að greiða kr. 10.000,- sem er umtalsverð hækkun á helgar- eða vikuleigu.

Þetta eru því ekki bara góðar umgengisvenjur, heldur erum við líka að komast hjá leiðindum, óþægindum og talsverðum aukakostnaði.

Því er enn og aftur minnt á að ganga vel um og hugsa um húsin sem okkar eign – ekki annarra.

Ef einhverju er ábótavant í húsunum, endilega hafið strax samband við umsjónarmann á staðnum sem fer yfir málin með ykkur, og reynt er eftir bestu getu að leysa vandamál strax sem upp koma.

**Enn og aftur,  
húsin eru okkar eign!!**



Vetrarleigan

## Gagnlegt að vita

Tímabil vetrarleigu er frá 2. september 2005 til 2. júní 2006. Páskar eru undanskildir.

Helgarleiga miðast við fimmtudag til sunnudags eða föstudag til mánudags.

Punktafrádrag; Félagsmenn missa ekki punkta í vetrarleigu.

Ég vil leigja orlofshús!  
Til að leigja orlofshús eða íbúðir hafið þá samband í síma 510 7500 eða komið við á skrifstofu félagsins að Sætúni 1.

Ölfusborgir, Illugastaðir og Einarssstaðir.

Hús á þessum stöðum eru leigð beint af rekstrarfélögunum á staðnum. Sími í Ölfusborgum er 483 4260, opið virka daga kl. 13.00 – 16.30, lokað á miðvikudögum, sími á Einarssstöðum er 861 8310 og sími á Illugastöðum er 462 6199.

Önnur orlofshús og íbúðir eru bókaðar í síma 510 7500.



Efling heldur áfram með vinnustaðanámsráðgjöf

## Viltu fá námsráðgjafa á þinn vinnustað?

- Alltaf tími til að læra, nýttu þér ókeypis ráðgjöf!

Efling og fræðslusjóðir félagsins stóðu síðasta vetur fyrir tilraunaverkefni í námsráðgjöf á vinnustöðum félagsins í samvinnu við Mími - símenntun og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Í ljós kom að mikil ánægja er með þetta tilboð til félagsmanna og mikill fjöldi nýtti sér ráðgjöfina; sumir bara til að kanna möguleika sína en aðrir beinlínis til að skipuleggja nám sem þeir vildu fara í.

Námsráðgjöf á vinnustað gengur þannig fyrir sig að tveir námsráðgjafar mæta á vinnustaðinn og halda fund með starfsmönnum t.d. í hádegis eða kaffitíma, tilgangur fundarins er að útskýra um hvað námsráðgjöf er og hvers

Í ljós kom að mikil ánægja er með þetta tilboð til félagsmanna og mikill fjöldi nýtti sér ráðgjöfina



fólk getur vænst af henni. Eftir fundinn setjast námsráðgjafar niður það sem eftir lifir dags eða svo lengi sem þörf er á t.d. á kaffistofunni og bjóða einstökum starfsmönnum að koma í 20 - 40 mínútna viðtal. Þannig geta starfsmenn haldið áfram vinnu og skotist í viðtalið þegar tími losnar. Þessir fundir og viðtöl þurfa að sjálfsgöðu að vera í samvinnu við atvinnurekanda.

Sumum dugar eitt viðtal en ef óskað er eftir öðru viðtali er viðkomandi bók-

aður í tíma hjá námsráðgjöfunum sem fer þá fram hjá Mími - símenntun að Grensásvegi 16a.

Efling mun í samvinnu við Mími - símenntun fara aftur af stað með þetta verkefni núna í haust og hafa námsráðgjafarnir mikla reynslu af vinnumarkaðnum og fullorðinsfræðslu. Efling mun einnig hafa samband við fyrirtæki og bjóða þessa þjónustu en ef þú vilt tryggja samband við fyrirtæki þitt getur þú haft samband við Garðar eða Þórunni hjá Eflingu og við finnum sameiginlegan tíma til að koma ráðgjöfinni á.

**Efling getur líka séð um að hafa samband við yfirmenn á vinnustað þínum til að fá heimild til að halda fundinn!**





Hólmfríður E. Guðmundsdóttir, einn af frumkvöðlum námskeiða fyrir lesblinda, tekur á móti rós frá nemendum, sem voru útskrifaðir í vor

Efling gegn lesblindunni

## Tökum á vandanum

Á undanföllum árum hefur verið boðið upp á nám sem kallað er „Aftur í nám fyrir fólk sem hefur glímt við lesblindu“. Mikil ánægja er með þessu námskeiði meðal þátttakenda. Á námskeiðunum opnast nýr heimur fyrir þá sem hafa glímt við þetta erfiða vandamál. Mikill árangur hefur náðst við að beita nýjum aðferðum til að vinna á lesblindunni. Í viðtölum hér í Eflingarblaðinu hefur komið fram hvernig námskeiðin hafa gerbreytt lífi fólks. Nú er að byrja nýtt námskeið í haust.

Það er mat þeirra sem hafa komið á fyrri námskeiði að þetta sé ómetanlegt tækifæri og að þátttakendur hafi öðlast nýtt tækifæri bæði til náms og einnig til að koma sér áfram á vinnumarkaði.

Mjög margir hafa vegna lestrarörðugleika mátt búa við að missa af tækifærum s.s. stöðuhækkun eða framgangi í starfi þar sem reynir á lestrarskilning. Aftur í nám er viðurkennt af menntamálaráðuneytinu og veitir það sjö einingar á framhaldsskólastigi. Þetta er mikilvæg viðurkenning á náminu og

Umræðan er að opnast og fleiri leita sér aðstoðar



gefur fólki enn frekari ástæðu til að taka á vandanum. Það er erfitt að taka þessa ákvörðun að ræða um þennan vanda en umræðan er öll að opnast og æ fleiri leita sér nú aðstoðar að ná tökum á lestri.

Nú þegar er kominn biðlisti fyrir haustnámskeiðið og komast sjö Eflingarfélagar inn á það námskeið. Ef þú eða einhver þér nákominn á við leblinduvanda að stríða er upplagt að leita eftir upplýsingum hjá Mími - símenntun hvenær næsta námskeið verður. Þér verður vel tekið enda mikil reynsla í að vinna með þetta verkefni hjá Mími.

*Lesblindunámskeiðin eru samstarfsverkefni Eflingar-stéttarfélags, VR og Mímis-símenntunar og styrkt af starfsmenntasjóðum*



Þorsteinn Gíslason

Þorsteinn Gíslason um námskeiðið gegn lesblindu

### Eins og gullverðlaun á Ólympíuleikum

Þetta var einstakt tækifæri til þess að ná tökum á lestrarvanda sem lengi hafði verið þagað yfir. Sigurinn sem nemendur hafa unnið á lestrarörðugleikum sínum á undanföllum vikum er þeim jafnmikils virði og íþróttamenn hefðu unnið gullverðlaun á Ólympíuleikum.



Áhuginn leyndi sér ekki þegar kennsla á matvælasviði fyrir Eflingarfélagi hófst síðastliðinn vetur

Starfar þú í eldhúsi eða mötuneyti?

## Námskeiðin halda áfram

Nýir kostir til starfsmenntunar í samstarfi Eflingar og matvælasvólans í Kópavogi

Á síðastliðnu vormisseri hófst kennsla á matvælasviði fyrir Eflingarfélagi í Menntakólanum í Kópavogi hjá fræðslu- og þjálfunarsviði þeirra Sæmundi Fróða. Þetta fyrsta námskeið tókst frábærlega og voru þátttakendur mjög ánægðir. Þessi hópur mun nú í haust halda áfram og taka næsta áfanga í náminu.

Námið er byggt upp í nokkrum þrepum og er búið að skipuleggja fyrstu tvö þrepin. Námið veitir fólki einingar í

viðkomandi fagi og getur fólk því byggt ofan á menntun sína ef það hyggur á frekara nám.

**Þetta fyrsta námskeið tókst frábærlega og voru þátttakendur mjög ánægðir**



Þann 6. sept. heldur hópurinn sem lauk fyrsta áfanga áfram og tekur annað þrep námsins en þann 18. október næstkomandi byrjar nýr hópur á grunnnámskeiði sem mun síðan eiga kost á framhaldinu eftir áramót. Kennt er tvisvar í viku í átta vikur.

Hægt er að fá nánari upplýsingar um uppbyggingu námsins hjá Eflingu-stéttarfélagi auk þess sem auglýsing verður send á vinnustaði.

*Sæmundur Fróði er stí- og endurmenntunardeild fyrir hótél og veitinganám og er rekið sameiginlega af Menntaskólanum í Kópavogi og fræðsluráði hótél- og matvælagreina.*



# Peningar, peningar, peningar?

- viltu læra að gera meira úr peningunum?



maður gerir við tekjurnar en ekki hversu háar þær eru. Þess vegna er kennt á námskeiðinu, hvernig hægt er að stýra útgjöldunum og fá með þeim hætti meira út úr peningunum en hingað til. Útgjöldum heimilisins er skipt í þrennt: neyslu, skuldir og sparnað. Kennt verður að takast á við þessa útgjaldaliði; hvernig hægt er að njóta neyslunnar, draga úr skuldunum og hefja sparnað. Þátttakendur á námskeiðinu fá 12 mánaða fría áskrift að rafrænu heimilisbók-haldi og veltukerfinu, sem er auðveld aðferð til þess að losna hratt við skuldir, sagði Ingólfur að lokum. Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á heimasíðunni: [www.spara.is](http://www.spara.is)

Námskeiðið er opið öllum Eflingarfélögum og er ókeypis. Skráning er hjá Eflingu í síma 510 - 7500 eða [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is)

## ► Hvar & hvenær?

Fjármál heimilanna 18. október  
kl 18:00 til 22:00 Fræðslusetri  
Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð.

Efling mun í vetur halda áfram með námskeið um fjármál heimilanna fyrir félagsmenn. Þessi námskeið hafa notið vaxandi vinsælda og hafa margir Eflingarfélagar sagt frá umskiptum í fjármálum sínum eftir að hafa sótt námskeiðið. Námskeiðið er ætlað fólki sem vill læra að nýta tekjurnar sem best, losna hratt við skuldir og koma góðu skipulagi á heimilisreksturinn. Kennari er Ingólfur Hrafnkell Ingólfsson.

Á námskeiðinu er farið yfir ýmsar tegundir lána og sparnaðar. Vextir og verðbætur útskýrð og kennt hvernig á að lesa út úr greiðsluæðlinum. Kennarar eru leiðir til þess að auka ráðstöfunartekjur heimilisins, stýra útgjöldunum og fá sem mest út úr þeim peningum sem til eru.

- Það er lítið sem ekkert rétt um tekjurnar því að þær skipta ekki megin máli segir Ingólfur Hrafnkell Ingólfsson leiðbeinandi. Gamalt kínverskt málteki segir: „Maður verður ekki ríkur af því sem maður aflar heldur því sem maður eyðir“. Það sem skiptir máli er það sem

## Flytur þú næstu tækifærisræðu?

- eða þarftu að skamma verkstjórnann duglega?!

Sú staða kemur upp hjá okkur öllum að við viljum koma einhverju á framfæri í töluðu máli fyrir fram hóp fólks. Hvort sem um er að ræða tækifærisræðu í afmæli, fyrirspurnir á opinberum fundum eða bara láta verkstjórnann í vinnunni heyra okkar skoðun á málum.

Efling mun í haust standa fyrir námskeiði fyrir félagsmenn þar sem undirbúningur fyrir ræður og framkomu er kenndur. Markmið námskeiðsins er að þjálfar nemendur í að koma fram. Einfaldar leiðbeiningar um notkun raddarinnar og skýrleika í tali. Samspil raddar og líkama kannað og hvernig best er að undirbúa stutta ræðu, fyrirlestur eða

bara tölu í næsta afmæli.

Kennari á námskeiðinu er Sigurþór Heimisson.

Námskeiðið er opið öllum Eflingarfélögum og er ókeypis. Skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500 eða [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is)

## ► Hvar & hvenær?

Námskeiðið, sem er haldið í fræðslusetri Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð, er þrjú kvöld frá kl 19:00 til 22:00 og verður haldið 22., 24. og 29. nóvember.



Starfslokanámskeið

# Undirbúum bestu árin vel

- Kynnum okkur réttindi og skyldur þegar liður að starfslokum



Eldri félagsmenn í Eflingu fjölmenna í kaffisamsæti sem haldið er árlega

Efling mun eins og undanfarin ár standa að starfslokanámskeiði fyrir þá félagsmenn okkar sem eru farnir að huga að starfslokum. Til þess að við getum notið þessara ára á sem bestan hátt er nauðsynlegt að kynna sér rækileg réttindi og skyldur sem fylgja því að láta af daglegum störfum vegna aldurs.

Á námskeiðinu er farið yfir hvernig staða aldraða hefur breyst í nútíma sam-

félagi og hvernig það hefur áhrif á þá þjónustu sem öldruðum stendur til boða í dag. Hvernig upplifir fólk starfslokin og hvað er í boði fyrir þá sem vilja sækja félagsstarf sem boðið er upp á bæði hjá sveitarfélögum og öðrum aðilum. Hvaða þjónustu er hinu opinbera lögum samkvæmt skylt að veita eldri borgurum, bæði hvað varðar heimaþjónustu, stofnanþjónustu, félagsstarf

o.fl. Farið er yfir rétt fólks til almannaþrygginga sérstaklega með tilliti til réttinda eldri borgara. Einnig er farið yfir hvernig lífeyrissjóðakerfið starfar, hvernig sjóðirnir eru uppbyggðir og hvernig réttindin myndast. Hvaða kostir eru í boði fyrir eftirlaunaþega sem vilja skipta um húsnæði. Hvernig er hægt að koma í veg fyrir slys í heimahúsum og breyta núverandi húsnæði með litlum tilkostnaði með það að markmiði að búa lengur í gamla húsnæðinu. Farið er ítarlega í grundvallaratriði næringarfræðinnar og mikilvægi þess að huga vel að mataræðinu með tilliti til þeirra líkamlegu breytinga sem fólk getur vænst þegar aldurinn færast yfir. Ræddar eru þær heilsufarslegu breytingar sem geta átt sér stað með hækkandi aldri og hvernig regluleg hreyfing og líkamsrækt getur haft þar áhrif.

Námskeiðið er opið öllum Eflingarfélögum og er ókeypis. Skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500 eða [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is)



Öllum félagsmönnum er boðið að sækja sjálfstyrkingarnámskeiðin vinsælu

## ► Hvar & hvenær?

Námskeiðið verður haldið í fræðslusetri Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð 18., 20. og 22. október. Námskeiðin standa frá 19:00 til 22:00 þriðjudag og fimmtudag en frá kl 10:00 til 15:00 á laugardeginum.



# Eflum sjálfstraust - styrkjum sjálfsímyndina

- Eitt vinsælasta námskeið meðal Eflingarfélaga aftur af stað

Að venju mun Efling bjóða öllum félagsmönnum að sækja sjálfstyrkingarnámskeiðin vinsælu nú í haust. Boðið er uppá grunnnámskeið og framhaldsnámskeið en mikil eftirspurn hefur verið eftir framhaldsnámskeiði hjá þeim sem hafa klárað fyrra námskeiðið. Mörg dæmi eru um að félagsmenn sem hafa sótt þessi námskeið hafi uppgötvað nýja hlið á sér, og sjálfstyrkingarnámskeiðin hafa jafnvel orðið hvati til þess að félagsmenn hafa sótt sér frekara nám og þekkingu.

## Sjálfstyrking I

Á fyrra námskeiðinu verður fjallað um mismunandi framkomu og áhrif hennar á samskipti. Hvað eflir og hvað dregur úr sjálfstrausti og áhrif góðrar sjálfsmyndar á starfsandann? Hvernig geta starfsmenn skapað gott andrúmsloft og góða samvinnu? Farið er í mikilvægi þess að fólk setji sér markmið.

## Sjálfstyrking II

Á sjálfstyrkingu II er unnið með þau hugtök sem kynnt voru á sjálfstyrkingarnámskeiði I. Fjallað um áhrif streitu á sjálfsmynd, samskipti og líðan.

Til að öðlast góða og sterka sjálfsmynd er hverjum einstakling mikilvægt að skoða sjálfan sig út frá þeim aðstæðum sem hann býr við í samskiptum sem hann á í daglegu lífi. Með því að sækja sjálfstyrkingarnámskeið, geta einstaklingar fengið leiðbeiningu, upplýsingar, umræður og skoðanaskipti á því hvernig einstaklingar geta byggt sig upp.

Hvort námskeið er 12 kennslustundir og er kennt á þremur kvöldum. Kennsla fer fram í fræðslusetri Eflingar-stéttarfélaga að Sætúni 1, 4. hæð.

Námskeiðið er opið öllum Eflingarfélögum og er ókeypis. Skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500 eða [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is)



## Félagsmenn Eflingar fá afslátt af námskeiðum 2005-2006

Efling-stéttarfélag hefur gert samkomulag við eftirtalda aðila um afslætti frá almennu verði námskeiða. Tekið skal fram að hjá Tölvuskólanum Þekkingu er einnig kennt á táknmáli þannig að heyrnarlausir geta stundað þar nám án túlkabjónustu. Félagsmenn fá afsláttinn gegn framvísun félagsskírteinis.

|                                 |                  |
|---------------------------------|------------------|
| Nýi Ökuskólinn .....            | 10% afsláttur    |
| Ökuskólinn í Mjódd .....        | 10% afsláttur    |
| Enskuskólinn Faxafeni .....     | 10% afsláttur    |
| Iðntæknistofnun .....           | 10% afsláttur    |
| Tölvu og verkfræðipjónustan ... | 5%-15% afsláttur |
| Tölvuskólinn Þekking .....      | 10% afsláttur    |
| Mímír .....                     | 5% afsláttur     |

## ► Hvar & hvenær?

**Sjálfstyrkingarnámskeið I**  
Dagana 20., 22., og 27. september  
kl. 19-22.  
**Sjálfstyrkingarnámskeið II**  
Dagana 10., 15., og 17. nóvember  
kl. 19-22.  
Staður: Sætún 4. hæð.

Skemmtileg sumarferð

# Um Sléttu og Langanes

-segir Guðmundur Þ Jónsson



Glaðir ferðalangar

Þetta var stórskemmtileg ferð um Norð-Austurland, sagði Guðmundur Þ Jónsson og alltaf gaman að vera í hópi félagsmanna Eflingar. Það sem ein-kenndi þessa ferð var hve margir áhuga-verðir staðir eru í þessum landshluta. Hápunktur ferðarinnar fyrsta daginn var ferðin út í Hraunhafnarvita, nyrsta odda landsins, en vitinn er glæsilegt mannvirki og umhverfið stórbrotið. Á Hótel Norðurljósum á Raufarhöfn beið okkar glæsilegt sjávarréttahlaðborð um kvöldið.

Það er mikið haft við þar sem félagsmenn Eflingar fara um og má til marks um það nefna að verslunin á Raufarhöfn var opnuð sérstaklega fyrir okkur á laugardagsmorguninn til að við gætum bætt í nestið, enda löng ferð fyrir höndum á Þórshöfn um Sléttu á Langanes, sagði Guðmundur.

Leiðin út á Langanes var löng og seinfarin en ákaflega skemmtileg. Veðrið var eins og best verður á kosið, þurrt og bjart, ekki sól en dálitill vindur. Ferðin út nesið var seinfarin á svo stórum bíl og víða þurfti að bregða sér í vegabætur. Ragnar okkar Ólason var manna drýgstur við að velta steinum úr götu okkar enda var vegurinn orðinn eins og

**Ragnar okkar Ólason var  
manna drýgstur við að velta  
steinum úr götu okkar**



hraðbraut þegar við snerum til baka. Anna Soffía fararstjóri hafði það allt á hreinu hvar gömul býli höfðu staðið og hvernig mannlífið gekk fyrir sig hér áður fyrr. Við komust alla leið út fyrir Skoruvíkurbjarg þar sem áð var. Hugur okkar stóð til þess að komast alla leið í Skoruvík og jafnvel yfir að Skálum, sem var í eina tíð nokkuð blómleg byggð með 117 íbúa, en þar sem nokkuð var liðið á daginn og leiðin seinfarin var ákveðið að það yrði að bíða betri tíma. Það var síðan greið leið til baka eftir vegabætur Ragnars og bílstjórans, Gunnars Guðmundssonar.

Við fórum síðan að Laugum í Reykjadal með viðkomu í Vopnafirði, í Burstafelli með stuttri viðdvöl við Mývatn. Á Laugum beið okkar kvöldverður og að

honum loknum virtust flestir hvíldinni fegnir eftir langan og skemmtilegan dag.

Á sunnudeginum var veður heldur þungbúið og fljótlega ákveðið að hætta við að fara suður yfir hálendið, enda lítið gaman að fara í þoku og rigningu um þær slóðir. Við breyttum því til og fórum úr á Reykjaströnd að Reykjum þar sem Grettir Ásmundarson tók land þegar hann synti úr Drangey, skoðuðum Grettislaug en að því loknu var haldið heim á leið og ferðalangar þreyttir en ég held afskaplega ánægðir eftir viðburðaríka ferð, sagði Guðmundur Þ Jónsson.

*Seinni sumarferð Eflingar-stéttarfélags var farin dagana 11.-14. ágúst s.l. Ferðin lá um Húsavík, Tjörnes, Melrakkaslétta til Raufarhafnar. Frá Raufarhöfn var farið um Þistilfjörð til Þórshafnar og þaðan út á Langanes. Þá var var haldið til Bakkafjarðar og síðan til Vopnafjarðar með viðkomu í Burstafelli og við Mývatn lá leiðin að Laugum í Reykjadal. Leiðsögumaður var Anna Soffía Sigurðardóttir en Guðmundur Þ Jónsson, Þuríður Ingimundardóttir og Ragnar Ólason voru í ferðinni af hálfu stjórnar Eflingar. Um 60 manns voru í ferðinni og bílstjóri var Gunnar Guðmundsson.*



24. október merkisdagur. Þrjátíu ár frá kvennafrídegnum

# Gott tækifæri til að minna á stöðu kvenna

-segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Nú í ár eru 30 ár frá Kvennafrídegnum og ætla hin ýmsu félög og sambönd að minnast þess hinn 24. október n.k. Þess hefur nokkru sinni verið minnst meðal annars á árinu 1985 þegar 10 ára afmæli dagsins var minnst með skemmtilegum og eftirminnilegum hætti, segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, 1. varaformaður Eflingar sem á þeim tíma tók þátt í að skipuleggja viðburði dagsins.

Á árinu 1985 var haldið veglega upp á að 10 ár væru liðin frá Kvennafrídegnum 1975. Sérstök nefnd sem kölluð var 85 nefndin sá um undirbúning og varð það niðurstaða að halda svokallaða Kvennasmiðju þar sem konur úr öllum stéttum kynntu störf sín og áherslur í launamálum. Þegar liða tók að þessum viðburði var ákveðið að fá húsnæði að láni sem þá var í byggingu við Kalkofnsveg og er í dag Seðlabanki Íslands.

Konurnar lögðu undir sig fyrstu hæð hússins og þar var búin til viðamikil sýning og kynningarbásar þar sem félög og sambönd kynntu starfsemi sína. Boðið var upp á ýmsar uppákomur og eitt af því eftirminnilegasta var þegar Albert Guðmundsson og Guðmundur Jaki spreyttu sig á að búa um hjúkrunarrrúm.


Mikið var fjallað um þennan atburð í fjölmiðlum og urðu störf og viðhorf kvenna mjög sýnileg af þessum atburði. Nú er tækifæri á ný til að vekja athygli á kjörum og stöðu kvenna þegar við minnumst þeirra merku tímamóta sem urðu við kvennafrídaginn, segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir og hvetur stéttarfélagin til að minnast dagsins með kraftmiklum hætti.



## BINGÓ Í VINABÆ

Öll miðvikudags-,  
föstudags- og  
sunnudagskvöld  
kl. 19.15

„Að spila bingó vinnur á móti hrörnun heilans“



Skipholt 33 s. 5534054





Jónína Bjarnadóttir t.v. og Inga Dóra Jónsdóttir, ásamt nokkrum leikskólabörnum undirbúa að draga Grænfánann að húni

Leikskólinn Hálsakot fékk viðurkenningu

# Stolt af Grænfánanum

- segir, Inga Dóra Jónsdóttir, leikskólastjóri

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir sem taka þátt í verkefninu fá leyfi til að flagga Grænfánanum. Fyrir skómmu hlaut Leikskólinn Hálsakot í Breiðholti, fyrstur leikskóla í Reykjavík viðurkenningu fyrir þátttöku í verkefninu og að því tilefni afhenti Tryggvi Felixson, framkvæmdarstjóri Landverndar starfsmönnum og börnum á leikskólanum fánann til varðveislu næstu tvö ár.

Bláðið heimsótti leikskólann og ræddi við Ingu Dóru Jónsdóttur, leikskólustjóra og Jónínu Bjarnadóttur, verkefnisstjóra. Þær sögðu að umhverfismennt á leikskólanum hafi byrjað upp úr 1990. Árið 2003 var síðan haldin ráðstefna í Reykjavík þar sem fjallað var um umhverfisvernd og m.a. hafi grunnskólar og leikskólar verið með kynningu,

vegna þátttöku í Grænfánaverkefninu.

Eftir ráðstefnuna varð okkur ljóst að Grænfánaverkefnið var í beinu framhaldi af verkefnum, sem unnin voru í Hálsakoti. Allur undirbúningur að þessu var þannig að allt starfsfólk tók þátt og stóð saman að ákvörðun og undirbúningi að þátttöku. Í ársbyrjun 2004 fengum við leyfi til þess að taka þátt í verkefninu og eftir að starfsmönnum og börnunum hafði verið sagt frá því hvað stæði til var strax hafist handa við að skipuleggja starfið, sem var framundan.

Jónína segir að í upphafi hafi þau sett sér það markmið að umgangast umhverfið og náttúruna með virðingu. Í því fólst m.a. að flokka sorp, koma moltuverkuninni í betra horf, flokka umbúðir og nýta það sem hægt er, skila mjólkurfernum út í gám, fara í vettvangsferðir og skrá orkunotkun. Börn-

in voru mjög áhugasöm og fylgdust vel með því sem var að gerast á hverjum tíma. Þau voru líka dugleg að upplýsa foreldra sína um verkefni dagsins og koma með skemmtilegar athugasemdir.

Inga Dóra segir það hafa verið takmark að fá fánann á afmælinu og það hafi tekist. Í veislu sem haldin var í tilefni afmælisins afhenti Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar, fánann til varðveislu. Að því loknu var hann dreginn að húni á flaggstöng, sem leikskólinn fékk að gjöf frá Menntasviði Reykjavíkurborgar og sáu börnin og starfsmennirnir um það í sameiningu.

Við erum staðráðin í að halda áfram á sömu braut í framtíðinni. Við erum mjög stolt af Grænfánanum okkar, sagði Inga Dóra að lokum.

Börnin voru mjög áhugasöm og fylgdust vel með því sem var að gerast á hverjum tíma. Þau voru líka dugleg að upplýsa foreldra sína um verkefni dagsins.





# Aukin þekking á íslensku samfélagi og atvinnulífi

Efling mun fara af stað með Landnemaskólann nú í haust í fimmta sinn. Landnemaskólinn er fyrir félagsmenn Eflingar-stéttarfélags af erlendum uppruna. Skólanum er ætlað að stuðla að menntun starfsmanna af

erlendum uppruna þannig að þeir verði öflugri og dýrmætari starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.

Megin áhersla er lögð á nám í íslensku og að auka þekkingu nemenda á íslensku samfélagi og atvinnulífi. Einnig verður lögð áhersla á samskipti á vinnustað og sjálfsefningu. Námið fer að miklu leyti fram í verkefnavinnu þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga bæði innan og utan skólans, vinna úr þeim og kynna niðurstöður.

Félagsmenn þurfa að sækja um innngöngu í Landnemaskólann í samvinnu við vinnuveitendur sína þar sem hluti námsins fer fram á vinnutíma. Landnemaskólinn er styrktur að mestum



hluta af starfsmenntasjóðum Eflingar en þó má búast við einhverjum skólagjöldum. Nemendur geta síðan sótt um 75% endurgreiðslu á skólagjöldum frá starfsmenntasjóði.

## ► Hvar & hvenær?

Skólinn er 120 kennslustundir og fer kennsla fram á þriðjudögum og fimmtudögum frá klukkan 15:00 - 18:45. Kennsla hefst 27. september og stendur til 15. desember. Kennt er að Öldugötu 23, Gamla Stýrimanna-skólanum.

*Osiedleńcy w Islandii*

## Szkola dla obcokrajowców należących do związku zawodowego Efling

Efling we współpracy z MFA oraz niektórymi firmami zatrudniającymi obcokrajowców, będzie tej zimy oferować nowe kursy języka islandzkiego, w sumie 120 lekcji. Ten program edukacyjny przygotowano dla członków Eflingu z myślą o zapewnieniu lepszego poznania zarówno języka jak i społeczeństwa islandzkiego. Człon-

kowie Eflingu będą uczyli się o społeczeństwie islandzkim, rynku pracy w Islandii jak również o tradycji i kulturze islandzkiej.

Kurs rozpocznie się 27-go stycznia i będzie trwał do 15-go kwietnia. Lekcje będą odbywały się dwa razy w tygodniu – we wtorki i czwartki od 15:00 do 18:45.

Zakładamy, że współpracujące z nami przedsiębiorstwa zapewnią, że ich pracownicy będą otrzymywali wynagrodzenie podczas brania udziału w kursie.

Zachęcamy wszystkich obcokrajowców oraz ich pracodawców do rozważenia naszej oferty i prosimy o skontaktowanie się z biurem Eflingu w celu uzyskania dalszych informacji.

**Telefon: 510-7500,**  
**e-mail: efling@efling.is**

*Settlers in Iceland*

## A school for **foreign members of Efling**

The educational fund of Efling and SA (Starfsafl), in cooperation with Mimir and a number of companies that have employed foreign workers, will offer new courses in Icelandic this winter, a total of 120 lessons. This education is designed to provide a deeper understanding of the Icelandic language and society in the minds of the members of Efling. They will learn about the

Icelandic community, the Icelandic labour market and about Icelandic traditions and culture.

It is assumed that participating companies will make sure that employees continue to receive their wages while attending classes. The plan is to teach throughout the autumn, starting September 27th and teach until December 15th.

Foreign employees and their employers are encouraged to consider this offer and to contact the office of Efling for further information.

Telephone: 510-7500, or e-mail, efling@efling.is

**Smelltu á [www.efling.is](http://www.efling.is)**

Landnemaskólinn

# Núna er lífið skemmtilegra

- segir Aziza Ascour

Ég ákvað að leggja inn umsókn í Landnemaskólann af því mér fannst mér ekki ganga nógu vel að læra íslensku í starfi mínu og í daglegum samskiptum almennt, segir Aziza Ascour, einn nemandi Landnemaskólans. En það hafði líka áhrif á ákvörðun mína að dætur mínar voru byrjaðar í skóla og ég vildi vera vel í stakk búin til að hjálpa þeim við námið. Núna gengur mér miklu betur í samskiptum við fólk þar sem ég hef náð ágætum tókum á tungumálinu.

Áður en ég hóf námið í skólanum reyndi ég að læra íslensku með því að skoða bækur og lesa dagblöðin en það gekk ekki nógu vel. En fljótlega eftir að námið hófst fór mér að ganga betur og núna les ég bæði bækur og blöð, þó að ég skilji ekki allt sem þar stendur.

Útdráttur úr viðtali við Azizu Ascour sem hefur áður birst í blaðinu.



Aziza Ascour

Smelltu á [www.efling.is](http://www.efling.is)

## Þjóðleg handverksnámskeið haustönn 2005

Baldýring - Eldsmíði - Hekl - Hnífagerð, skepti og slíður - Jurtalitun -  
Keðjugerð (víkingakeðjur) - Myndvefnaður - Möttulsaumur - Orkering -  
Prjón: Handstúkur og íleppar; sjöl, hyrnur og dúkar - Sauðskinnsskór -  
Skartgripagerð (perlufestar) - Skyrtur- og svuntusaumur - Sútun -  
Spjaldvefnaður - Tálgun - Tóvinna - Vefnaður - Vattsaurur - Víravirki -  
Útsaurur - Útskurður - Þjóðbúningar karla - Þjóðbúningur kvenna



### HEIMILISÍÐNAÐARSKÓLINN

Laufásvegi 2 • 101 Reykjavík

Upplýsingar og skráning mánud. til föstud. kl. 12-16.  
Símar 895 0780 og 551 7800 • Fax 551 5532  
hfi@heimilisidnadur.is • [www.heimilisidnadur.is](http://www.heimilisidnadur.is)





# Aukin íslenskukennsla fyrir nýbúa

Nú í sumar hafa staðið yfir samningaviðræður Mímis-símenntunar og Menntasviðs Reykjavíkurborgar um að Mímir annist kennslu 700 nýbúa í íslenskukennslu á ári.

Á undanförunum árum hefur nýbúum fjölgað mikið á höfuðborgarsvæðinu og þörf fyrir íslenskukennslu mikil, þannig eru yfir 2000 félagsmenn í Eflingu af erlendu bergi brotnir. Kennst hefur verið í Námsflokkum Reykjavíkur mörg undanfarin ár og hefur verið valmöguleiki fyrir fólk af ýmsum þjóðernum að fá grunnþjálfun í íslensku þar. Nú er verið að gera viðamiklar breytingar á Námsflokkum Reykjavíkur og flytjast því ýmis verkefni annað.

Mímir-símenntun hefur verið með námskeið fyrir nýbúa og einnig Landnemaskólann sem hefur gengið mjög vel undanfarin ár. Þekking og reynsla Mímis mun því nýtast mjög vel þegar þetta nýja verkefni fer af stað.

Margir af kennurunum sem hafa verið að kenna nýbúum hjá Námsflokkum Reykjavíkur munu koma til starfa hjá



Mími en með því glatast ekki mikilvæg reynsla og þekking á verkefninu. Starfsmenntasjóðir Eflingar - stéttarfélags

styrkja Eflingarfélaga sem vilja fara í íslenskunám um allt að 90% af námskostnaði.

## Leikskólanámskeiðin

# Námsvísir sendur á vinnustaði

Eins og undanfarin haust verður sendur út námsvísir á alla Leikskóla Reykjavíkurborgar þar sem námskeið vetrarins eru kynnt.

Starfsmönnum er bent á að kynna sér þetta efni vel því nokkrar breytingar eru að eiga sér stað á því hvernig námið fer fram.

Hér er um nýja uppstillingu á tímafjölda að ræða og samþættingu námsfnis þannig að það eigi greiða leið inn í mat til að geta farið inn í nýtt nám fyrir leikskólaleiðbeinendur.



## Sumargetaunin

# Patricia heppin

Patricia M. S. de Albuquerque, var svo heppin að vera dregin út sem vinningshafi í sumargetraun félagsins. Hér afhendir Ólöf Björk Björnsdóttir þjónustufulltrúi hjá Eflingu henni vinninginn að upphæð kr. 10.000,- Efling óskar henni til hamingju.



**Smelltu á [www.efling.is](http://www.efling.is)**



Leitar þú að nýrri leið í námi?

## Grunnmenntaskólinn *opnar þér leið*

Nú í haust verður aftur farið af stað með Grunnmenntaskólann í samstarfi Efling og Mímis - símenntunar. Skólinn hefur reynst mikil lyftistöng fyrir fólk með skamma skólagöngu að baki sem vill feta sig á ný til menntunar. Þess vegna er lögð megináhersla á menntun í grunni helstu námsgreina, hlýlegt andrúmsloft í skólanum og nám án prófa.

Markmið námsins er að auka hæfni til starfs og náms með því að styrkja grunninn, efla sjálfstraust og samskiptahæfni og þjálfja sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð. Þá er lögð áhersla á að skapa gott og hlýlegt andrúmsloft þar sem nemendur taka virkan þátt. Kennslan miðast við þarfir og getu hvers og eins. Helstu námsgreinar eru: íslenska, enska, stærðfræði og tölvur. Mikil áhersla er lögð á að tengja tölvukennslu við kennslu í öðrum greinum m.a. með verkefnavinnu. Einnig er farið í sjálfstærkingu, samskipti og náms- og

starfsráðgjöf. Allt námið er miðað við þátttakendur hafi ekki farið í frekara nám að loknum grunnskóla eða langur tími sé liðinn frá því að þeir sátu síðast á skólabekk.

Námið í Grunnmenntaskólanum er einstaklingsbundið nám án prófa. Fyrir liggur samþykki menntamálaráðuneytisins á því að meta námið til eininga á framhaldsskólastigi.

**Námið í Grunnmenntaskólanum er einstaklingsbundið nám án prófa**



Kennsla hefst 26. september og fer fram að Öldugötu 23, Gamla Stýrimannaskólanum. Nemendur munu þurfa að bera einhvern kostnað en geta sótt um styrki fræðslusjóða Eflingar fyrir 75% af kostnaði.

Námið er metið til eininga og byggir það á viðurkenndri námskrá. Mikilvægur þáttur í kennslunni er að nemendur fá framsetningu á náminu miðað við að vera fullorðin fólk með mikla reynslu.

Hægt er að kynna sér námslýsingu betur á heimasíðu Eflingar eða að fá senda nákvæmari innihaldslýsingu á því sem kennt er.


Innritun fer fram hjá Eflingu – stéttarfélagi síma 510 7500.

Námið er styrkt af starfsmenntasjóðum innan Eflingar-stéttarfélags.

### ► Hvar & hvenær?

**Skólatíminn er um 300 klukkustundir og stendur fram í apríl. Skólinn hefst 26. september og kennt er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 16.30 til kl. 20.30 og annan hvern laugardag frá kl. 9.00-13.00.**





Guðmundína Einarsdóttir er ánægð með Grunnmenntaskólann

Grunnmenntaskólinn getur breytt lífinu

## Allir vegir færir eftir veturinn

- segir Guðmundína Einarsdóttir

Að setjast á skólabekk eftir langt hlé er í hreinskilni sagt erfitt en ákvörðunin sjálf fannst mér erfiðust. Flest erum við í fullri vinnu með heimili og fjölskyldur og veltum því fyrir okkur hvenær við eigum að hafa tíma til að stunda nám. En mér tókst að gera námið að áhugamáli þrátt fyrir fulla vinnu og tímaleysi, segir Guðmundína Einarsdóttir sem sótti Grunnmenntaskólann á síðasta ári. Hún hefur nú sett stefnuna á frekara nám eins og margir þeir sem hefja nám í Grunnmenntaskólanum.

Pegar ég byrjaði í Grunnmenntaskólanum síðastliðið haust var ég að klára félagsliðanám í Námsflokkum Reykjavíkur og hafði ákveðið að halda áfram námi. Þá sá ég auglýsingu frá Grunnmenntaskólanum og fannst eins og einhver hefði lesið hugsanir mínar. Þar var einmitt boðið uppá námsgreinar sem ég þurfti að efla mig í og ég gat sótt þær á sama stað með sama hópnum allan tíman. Það fannst mér mikilvægt.

Með kvíðahnút í maganum mætti ég í skólann fyrsta daginn. Ég sá mig í anda reikna í stærðfræðinni sem ég var dauðhrædd við. Einnig var ég mikill klaufi á tölvu svo vægt sé til orða tekið og enskuna mína kallaði ég alltaf ínsku en ég er kölluð Ína. Eina greinin sem ég hlakkaði til að stunda var íslenska.

Hópurinn sem ég var með var alveg

frábær og við náðum mjög vel saman, þannig að ég hlakkaði alltaf til að fara í skólann. Kennararnir voru yndislegir og við fengum öll að njóta okkar og oft sköpuðust skemmtilegar umræður í tímum.

Á laugardögum skiptumst við á að koma með eitthvað gott með kaffinu og var oft glatt á hjalla hjá okkur.

Eftir þennan vetur finnst mér eins og mér séu allir vegir færir. Ég nota tölvuna daglega og er ekki lengur hrædd við stærðfræði. Enskan er auðveldari og ég kann að gera ferilskrá. Svona mætti lengi telja. Ég er meðvitaðri um þjónustu og hvað í henni felst og hef öðlast meiri færni í mannlegum samskiptum. Þrátt fyrir fulla vinnu og tímaleysi er hægt að læra. Ég gerði námið að áhugamáli og skapaði þannig allan þann tíma sem ég þurfti.

Ég hvet fólk til að nýta sér þennan frábæra möguleika til náms og opna með því nýja möguleika í lífinu. Þess vil svo endilega nefna það að lokum að ég hef skráð mig í fjarnám.

Kynning

Bílaapótekið í Kópavogi:

## Hentugt fyrir hreyfihamlaða

Fyrsta bílaapótekið á Norðurlöndum, Lyfjaval, var opnað í Kópavogi í mars s.l. Þetta er kærkomin nýjung, sérstaklega fyrir hreyfihamlaða sem geta fengið lyf afgreidd í gegnum lúgu án þess að þurfa að fara út úr bílnum. Þjónustan gengur einnig hraðar fyrir sig en í hefðbundnum apótekum, nokkuð sem kemur sér vel fyrir hreyfihamlaða og fólk sem er með börn í bíl. Margir kunna einnig að meta að þurfa ekki að leita að bílastæði til að fá afgreidd nauðsynleg lyf.

Bílaapótek Lyfjvals er skammt frá Smáralind í Kópavogi og er það auðþekkt á grænum krossum sem blikka. Afgreitt er um lúgu frá klukkan 10 á morgnana til miðnættis, alla daga vikunnar. Fólk getur komið með lyfseðil og beðið eftir að fá lyfin afhent beint í bílinn en einnig má flýta fyrir afgreiðslu með því að láta lækni símsenda lyfseðilinn eða geyma lyfseðilinn í apótekinu og hringja áður en

þau eru sótt og eru lyfin þá tilbúin til afgreiðslu. Einnig er boðið upp á ókeypis heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu alla virka daga.

Hefðbundið apótek er einnig í sama húsnæði og bílaapótekið. Það er opið mán-laug. kl. 10-19. Bæði í bílaapótekinu og hinu hefðbundna er veitt lyfjafræðileg ráðgjöf. Lyfjaval hefur, eitt fárra apóteka, tekið í notkun sérstakt lyfjaafgreiðslukerfi, Med-icor, til að auka öryggi við afgreiðslu lyfja, m.a. varðandi hugsanlegar milli-verkanir.

**Fyrsta bílaapótekið á Norðurlöndum, Lyfjaval, var opnað í Kópavogi í mars s.l.**





Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis- símenntunar

Miklar annir hjá Mími-símenntun

## Mörg ný verkefni í undirbúningi

-segir Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri

Það eru mörg ný verkefni sem samið hefur verið um við Mími-símenntun og eru að koma til framkvæmda nú á

haustönn, segir Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri. Má þar nefna íslenskukennslu fyrir nýjan hóp flótt-

Önnur ný verkefni sem Hulda nefnir eru íslenskukennsla fyrir nýbúa og nýtt leikskólaverkefni 45+ sem fjallað er um annarstaðar í blaðinu



manna sem var að koma til landsins en þau eru frá Kólumbíu og Kosovo. Um er að ræða stórt verkefni þar sem kennslan fer fram daglega fram á næsta vor. Þetta verkefni er unnið með Flóttamannaráði og Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Önnur ný verkefni sem Hulda nefnir eru íslenskukennsla fyrir nýbúa og nýtt leikskólaverkefni 45+ sem fjallað er um hér neðar á síðunni.

Jafnframt eru í undirbúningi nokkur ný verkefni fyrir Vinnumiðlun fyrir atvinnulaust fólk sem verða í boði á þessum vetri.

Allt þetta er til viðbótar fastri starfsemi Mímis með þeim fjölda almennra og sértækna námskeiða sem eru í boði á hverri önn.

Sem sé nóg að gera hjá Mími. Þá er bara að skrá sig á námskeið!!!!

Einstakt tækifæri í leikskólum 45+

## Mjög spennandi nám í boði

Þegar Efling-stéttarfélag sótti um styrk til að geta boðið upp á nýja menntun fyrir reynda starfsmenn leikskóla síðastliðinn vetur var ljóst að mikil þörf var fyrir nýja menntun á þessu sviði. Þróun á síðustu áratug-

um er öll á þann veg að æ meiri menntunarkröfur eru gerðar til starfsmanna leikskóla og stundum hefur skort á að reynsla og starfsþekking væri metin til jafns við formlega menntun.



Þátttakendur í námi fyrir reynda starfsmenn á leikskólum á kynningarfundi með fulltrúum Eflingar og Mímis- símenntunar

Mikilvægi þess að ávallt sé í boði gott nám fyrir almenna starfsmenn og reglulegt námskeiðshald hefur verið eitt af samstarfsverkefnum Leikskóla Reykjavíkur og Eflingar-stéttarfélags í áráraðir. Þess vegna sóttu þessir aðilar sameiginleg um styrk til að bjóða upp á nám þetta nám fyrir starfsmenn leikskóla.

Markmiðið verkefnisins var að ná til hópsins sem hefur lengstan starfsaldur, og þar með reynslu og þekkingu, að baki hjá Leikskólum Reykjavíkur sem nú ber heitið Menntasvið Reykjavíkur. Umsóknarfresturinn var stuttur en samt sem áður bárust margar umsóknir og varð að auka við fjölda þeirra sem teknir verða í námið. MJög langur starfsaldur var einkenni hópsins og eru t.d. nokkrir umsækjendur með yfir 25 ára starfsaldur. Nú í haust fer svo námið af stað og mun Fréttablað Eflingar fylgjast vel með hvernig námsþópurinn mun takast á við þetta einstaka tækifæri.

Það er Mímir-símenntun sem mun annast stjórnun þessa nýja menntaverkefnis á vegum Eflingar og Reykjavíkurborgar og ef vel tekst til mun Efling án efa standa að áframhaldandi námskeiðum af þessum toga í framtíðinni.





Bryndís Guðmundsdóttir og Guðbjörg Jakobsdóttir voru ánægðar með ferðina og gætu alveg hugsað sér að fara í samskonar ferð til annars lands

Skógarbær skoðar Otterup

## Gaman að sjá hve **allt var vel skipulagt**

- segja þær Bryndís Guðmundsdóttir og Guðbjörg Jakobsdóttir

Í lok maí á þessu ári fóru nokkrir félagsmenn í viku námsferð til Danmerkur og var tilgangurinn að kynnst starfsemi hjúkrunarheimila og hvernig staðið væri að umönnun aldrads- og fatlaðs fólks. Bryndís Guðmundsdóttir og Guðbjörg Jakobsdóttir vinna við umönnun aldræðra á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Breiðholti og var áfangastaður þeirra bærinn Otterup sem er 15 km frá hinum fornu Óðinsvéum á Fjóni. Þær voru sammála um að ferðin hefði verið mjög fróðleg og skemmtileg, en ferðin var hluti að svokölluðu mannaskiptaverkefni Leonardó áætlunar ESB sem Efling hefur sótt um undanfarin ár.

Sveitarfélagið Otterup þjónar stóru svæði og m.a. aka hjúkrunarfræðingar um á sérmerktum bílum og aðstoða fólk sem býr í sumarhúsum á svæðinu. Þær skoðuðu líka hjúkrunarheimilið Elegarden sem tilheyrir eldra kerfi félagsþjónustu á svæðinu. Þar búa þrír einstaklingar í litlum húsum og hafa lítil herbergi

til afnota og deila með sér einu salerni. Samskipti á milli íbúana voru mjög lítil og þeir virtust vera mjög einmana.

Daginn eftir heimsóttu þær Kærgarden og fylgdust með starfseminni næstu daga. Þar hófst uppbygging á nýju hjúkrunarheimili fyrir fjórum árum og er lokið við að reisa átta hús. Í hverju húsi eru tíu litlar íbúðir sem skiptast í herbergi, bað, stofu og eldhús og eru

eins og við eigum að venjast. Það var eldað og bakað í hverju húsi og ef einhver var með sérstakar óskir um mat þá voru þær uppfylltar. Svo tóku íbúar sem vildu og gátu, þátt í matargerðinni. Það var hægt að hækka og lækka borðið á eldavélinni, þannig að þeir sem voru í hjólastól gátu líka eldað. Einnig fannst okkur athyglisvert að sjá heimilisfólkið og starfsfólkið borða saman.

Íbúarnir fá að halda sínum venjum, eins og að sofa aðeins lengur, baða sig á kvöldin og sleppa morgunverði og hádegisverði.

Starfsfólkið sá um öll þrif í húsunum og þvott heimilismanna. En stundum hjálpuðust allir að og það var mjög gaman að sjá hvað allt var vel skipulagt. Einnig sá starfsfólkið um að panta mat úr búðinni og mátti sjá vörur á innkaupalistanum, eins og rósavín! En það var bara notað ef eitthvað sérstakt stóð til. Vonandi eigum við eftir að sjá svona hjúkrunarheimili rísa hér, sem fyrst sögðu Bryndís og Guðbjörg að lokum.

Eldað var og bakað í hverju húsi



sérútbúnar brautir í loftum til að færa einstaklinga úr rúmi eftir þörfum. En aðeins einn einstaklingur býr í hverri íbúð. Þá hafa íbúarnir aðgang að sameiginlegri aðstöðu með stóru vel útbúnu eldhúsi, borðstofu og setustofa ásamt fleiru.

Matseðillinn var ekki sameiginlegur



## Vissir þú að?

Sjúkrasjóður styrkir gleraugna-kaup félagsmanna um allt að 8.000 krónur, þó að hámarki 50% af gleraugnakostnaði\*

\* Miðast við að félagsmaður hafi greitt í félagið síðastliðna 12 mánuði samfelld.

Hámarksstyrkur miðast við að iðgjald sé kr 12.400 eða meira, annars er greitt hlutfall miðað við innkomin gjöld.

Félagsmenn geta fengið allt að 8.000 króna styrk fyrir líkamsræktarkort, danskennslu, sundkort og fleira, þó að hámarki 50% af námskeiðskostnaði\*

\* Miðast við að félagsmaður hafi greitt í félagið síðastliðna 12 mánuði samfelld.

Hámarksstyrkur miðast við að iðgjald sé kr 12.400 eða meira, annars er greitt hlutfall miðað við innkomin gjöld.

Sjúkrasjóður greiðir skoðunargjald hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins að fullu\*

Nóg er að framvísa félagsskírteini til að fyrstu skoðun fría.

\* Miðast við að félagsmaður sé í starfi og hafi greitt í félagið í 3 mánuði eða lengur a.m.k. 2600 kr iðngjald til sjóðsins.

Félagsmenn sem fara í áhættumat hjá Hjartavernd geta fengið allt að 6.000 krónur endurgreiddar úr sjúkrasjóði\*

\* Miðast við að félagsmaður hafi greitt í félagið síðastliðna 12 mánuði samfelld.

Hámarksstyrkur miðast við að iðgjald sé kr 12.400 eða meira, annars er greitt hlutfall miðað við innkomin gjöld.

Borgarleikhús og Efling bjóða til veislu

# Frábær leikverk í haust

Eins og undanfarin ár efnir Borgarleikhúsið og Efling-stéttafélag til samstarfs um tilboð til félagsmanna í Eflingu-stéttafélagi

Nú í haust verður sent út tilboðskort til hluta félagsmanna þar sem Efling-stéttafélag og Borgarleikhúsið gefa félagsmönnum verulegan afslátt til að fólk geti komist í leikhús á frábærum kjörum. Tilboðið miðast við haustönn leikhússins.

Annar hópur félagsmanna fær slíkt tilboð um áramótin fyrir vorönn.



Þetta frábæra samstarf hefur vakið mikla athygli hjá félagsmönnum og sífellt fleiri nýta sér þetta kostaboð.



## Aukin

## ökuréttindi

Nú er rétti tíminn til að afla sér nýrra atvinnumöguleika!

Kennsla á leigu -, vöru -, hóp bifreið og vörubifreið með eftirvagn.

Einnig bókleg kennsla fyrir almenn ökuréttindi.

Upplýsingar og innritun í síma:

**567-0300**

**Ökuskólinn í Mjódd**

Parabakka 3 109 Reykjavík

Netfang [mjodd@bilprof.is](mailto:mjodd@bilprof.is)

[www.bilprof.is](http://www.bilprof.is)





Ásbjörn, Valgerður og Björn ánægð í Köben

Íbúðin í Köben slær í gegn

# Skemmtum okkur rosalega vel

- segir Valgerður Sveinsdóttir

Það var engin tilviljun að Kaupmannahöfn varð fyrir valinu þegar Efling hóf útrás í orlofsmálum í vor. Með tíðum og ódýrum flugferðum til Kaupmannahafnar hafa opnast leiðir fyrir allan almenning að velja milli dvalar í Kaupmannahöfn, á Spánar eða í orlofshúsum hér innanlands. Íslendingar þekkja Kaupmannahöfn best allra nálæggra borga og það vafðist ekki fyrir Valgerði Sveinsdóttur, hvar hún ætlaði að eyða hluta af sumarleyfinu sínu, þegar hún sá á heimasíðu Eflingar að leiguíbúðin í Kaupmannahöfn var laus í lok júlí. Það er frábært framtak hjá Eflingu að bæta Kaupmannahöfn við orlofskosti félagsins, segir hún.

Hjónin Valgerður Sveinsdóttir og Björn E. Ásbjörnsson, ásamt syninum Ásbirni 12 ára og Birni barnabarni

þeirra sem er líka 12 ára skelltu sér til Kaupmannahafnar og bjuggu á gistiheimili í borginni þar til íbúðin var laus 29. júlí.

Íbúðin var miklu flottari en ég hafði búið við. Hún er með tveimur svefnherbergjum, stórra stofu og mjög góðu baði. Þá var annað baðherbergi þar sem var bæði þvottavél og þurrkari en slíkt er nauðsynlegt á svona ferðalagi. Einnig fannst okkur staðsetningin mjög góð.



Ásbjörn og Björn við stytta sem er á Guinness-safninu og er af stærsta manni í heimi

Við vorum um það bil tíu til fimmtán mínútur að ganga að Tívolíinu og þá vorum við kominn niður í bæ. Það var mjög gaman að koma í Tívolíð og dýragarðinn og við skemmtum okkur allan tímann rosalega vel.

Við ferðuðumst líka töluvert með strætisvögnum og skoðuðum Ráðhústorgið og sjálft Strikið. Eins fannst okkur Hafmeyjan taka sig vel út sérstaklega ef haft er í huga allt sem sú stytta hefur mátt þola í gegnum tíðina. Þá verður að segja frá því að Guinnesssafnið kom þægilega á óvart.

Meðan á dvölinni stóð tókum við einnig bílaleigubíl og ókum m.a. til Billund og skoðuðum Legoland.

Kosturinn við svona aðstöðu er að þægilegt er að borða heima enda gerðum við það oftast. Verð á matvælum er mjög hagstætt og ódýrt og gaman að versla í matinn. Það er ótvíræður kostur að hafa svona íbúð til umráða þegar börn eru með í för, ég tala nú ekki um þegar hún er svo vel búin eins og raun er á. Því fylgir meira frelsi en ef dvalið er á hóteli og hægt að hafa hlutina eftir sínu höfði, sagði Valgerður að lokum.

**Frábært framtak hjá Eflingu**




Fræðslustyrkir Eflingar

## Hvað fæ ég **endurgreitt?**

- *Nýtum okkur stuðning til náms!*

Eflingarfélagar geta sótt um endurgreiðslu á námi og námskeiðum sem

þeir sækja sér að eigin vali. Reglur starfsmenntasjóða Eflingar gera ráð fyr-

ir að umsækjandi hafi verið í félaginu í 12 mánuði áður en sótt er um styrk en greitt er hlutfallslega fyrir hlutastörf. Styrkir til einstakra félagsmanna vegna starfsnáms að eigin vali geta verið allt að 35.000 - 44.000,- kr. á ári. Aldrei er þó greitt meira en sem nemur 75% af kostnaði við viðkomandi námskeið. Tólmstundanám er styrkt að hámarki 12.000,- eða 50% af kostnaði.

Til þess að sækja um styrk þarf að fylla út umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á skrifstofu Eflingar og á heimasíðu félagsins, skila inn frumriti reiknings fyrir greiðslu á námskeiði og staðfestingu á að hafa lokið námskeiðinu. Styrkir eru greiddir út mánaðarlega.

**Efling starfsrækir í samstarfi við atvinnurekendur starfsmenntasjóði fyrir alla félagsmenn sína. Hlutverk starfsmenntasjóðanna er tvíþætt:**

- Að styrkja einstaklinga til starfsnáms að eigin vali með einstaklingsstyrkjum.
- Að standa að framboði á starfsmenntanámskeiðum í samstarfi við fræðsluáðila og ákveðnar starfsgreinar eða fyrirtæki.

WHAT rights do I have?

## What support do I have from Efling?

Members of Efling union can apply for educational grants. The main rules of the educational funds of Efling state that those applying for a refund must have been members of the union for a 12 month period before applying. Grants to those in part-time employment are proportional. The amount of any grant offered to an individual for vocational education they choose themselves is up to 35.000 - 44.000,- kr. a year. The total amount paid by Efling can not be more than 75% of the cost of the course. In case of hobby courses the amount paid by Efling is 12.000,- kr. or maximum 50% of the cost.

In order to apply for a refund applicants must fill out a special form, available at the union office and on the union website under the heading of „Education“. Applicants must also present receipt(s) for payment for the course together with a certificate that states that the course or semester is finished. Grants are paid every month.



**Efling provides in cooperation with employers, educational funds which are available to all its members. The role of these educational funds is:**

- to grant a refund to individuals for vocational education, chosen by

themselves, i.e. individual subsidies.

- to offer courses in vocational education in cooperation with educational institutions, specific trade departments or firms.





## Vissir þú að?

Sjúkrasjóður styrkir sjúkraþjálfun félagsmanna um allt að 950 krónur hvert skipti\*

\* Miðast við að félagsmaður hafi greitt í félagið síðastliðna 12 mánuði samfelt.

Hámarksstyrkur miðast við að iðngjald sé kr 12.400 eða meira, annars er greitt hlutfall miðað við innkomin gjöld.



Ný þjónusta

## Efling selur miða í Hvalfjarðargöngin

Efling - stéttarfélag hefur hafið sölu á miðum um Hvalfjarðargöng. Miðana geta félagsmenn fengið á skrifstofu Eflingar. Hver miði er seldur á kr. 600.- en fullt verð er kr. 1.000.-.

Það er tilvalið fyrir Eflingarfélaga sem eru að fara vestur um eða norður að koma við á skrifstofu Eflingar og ná sér í miða í göngin með 40% afslætti.

## Orlofsuppbót

- Ertu búin/n að fá orlofsuppbót greidda?

Allir Eflingarfélagar eiga að vera búnir að fá orlofsuppbót greidda. Samkvæmt kjarasamningum átti að greiða orlofsuppbót í síðasta lagi 15. ágúst. Ef þú ert í vafa um réttindi þín hafðu þá samband við skrifstofu Eflingar í síma 510 7500.

## Fjarnám

með áherslu á starfstengt nám

### Byggingagreinar

Efnisfræði, grunnteikning, framkvæmdir og vinnuvernd.

### Grunnnám rafiðna

Rafmagnsfræði, efnisfræði og rafeindatækni.

### Rafvirkjabraut

Lýsingatækni, rafmagnsfræði, reglugerðir, raflagnateikning, stýringar.

### Rafeindavirkjun

Allar greinar á 3. og 4. önn.

### Tækniteiknun

Grunnteikning, húsateikning, innréttingateikning, raflagnateikning, vélateikning og AutoCad.

### Tölvubraut

Forritun, gagnasafnsfræði, vefsíðugerð, netstýrikerfi.

### Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

Allar greinar í grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlabrautar.

### Meistaraskóli

Allar stjórnunar- og rekstrargreinar.

Innritun stendur yfir á vef skólans

[www.ir.is](http://www.ir.is)

(sjá fjarnám)

Kennsla hefst fimmtudaginn 1. sept.

Nánari upplýsingar á [www.ir.is](http://www.ir.is) og í síma 522 6500.



ÍÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Traust menntun í framsæknum skóla



Einstaklingstyrkir

## Mesta aukning í meira- prófinu hjá starfsmönnum á almennum markaði

Fjöldi einstaklinga sem að nýtt hafa endurgreiðslu hjá starfsmenntasjóðum Eflingar vegna náms eykst jafnt og þétt frá ári til árs. Þetta er í samræmi við Gallup kannanir sem Efling hefur gert meðal félagsmanna sem sýna að launafólk þekkir betur rétt sinn til styrkja stéttarfélaganna auk þess sem atvinnurekendur virðast jákvæðir gagnvart menntun starfsmanna sinna samkvæmt sömu könnunum.

### Yfir 36 milljónir í styrki

Á árinu 2004 voru greiddar samtals 36 milljónir í starfsmenntastyrki til félagsmanna Eflingar. Alls bárust 1.905 umsóknir frá félagsmönnum á síðastliðnu ári. Fyrstu sjö mánuði ársins 2005 hafa verið greiddar út tæpar 20 milljónir í styrki til einstaklinga.

### Mikil aukning í meirapróf

Starfsafl sem er stærsti starfsmenntasjóðurinn, veitti styrki til tæplega 1200

félagsmanna á síðasta ári. Flestir styrkþegar eru á aldrinum 21 - 30 ára. Eins og sjá má á meðfylgjandi skífuriti er það mjög fjölbreytt hvers konar nám og námskeið verið er að styrkja. Ekki er

mikill munur á fjölda styrkja eftir kyni.

Töluverð aukning varð á að félagsmenn bættu við sig námi sem að veitti þeim starfsréttindi. Mesta aukningin á milli ára var í meiraprófi og vinnuvélaréttindum eða úr 12% úthlutaða styrkja í 21%. Aukning hefur einnig orðið í úthlutun styrkja vegna tómstundanáms. Sagan hefur sýnt að oft kviknar áhugi á frekara námi eftir að fólk hefur farið á stutt námskeið.


### Stöðug aukning í félagsliðanám

Hjá Starfsmenntasjóði Eflingar og ríkis/hjúkrunarheimila er skiptingin fyrstu sjö mánuði ársins 2005 þannig að flestar umsóknir hafa borist frá félagsmönnum sem eru í almennu námi á framhaldsskólastigi, eru það oft einstaklingar sem taka einingar upp í stúdentspróf eða sjúkraliðanám. Annar og þriðji stærsti styrktarþátturinn er vegna íslenskunáms og félagsliðanáms, en á árinu 2004 útskrifuðust um 50 félagsliðar.

### Námsferðir leikskóla og háskólanám

Hjá Starfsmenntasjóði Eflingar og Reykjavíkurborgar hafa flestar umsóknir og jafnframt stærsti kostnaðarþáttur verið námsferðir leikskólanna, en á fyrstu sjö mánuðum ársins hafa 54 leikskólastarfsmenn fengið styrk vegna náms- og kynnisferða. Þar fast á eftir eru flestir úthlutaðir styrkir vegna framhaldsskólanáms og til félagsmanna sem eru í háskólanámi. En margir leikskólastarfsmenn eru til að mynda að mennta sig til leikskólakennara, bæði í fjarnámi sem og dagskóla.

### Einstaklingsstyrkir 2004 - skipting eftir námstegundum







Elín Pálsdóttir lengst t.h. ásamt Fanneyju Ósk og Ingibjörgu. Kletturinn, sem er tákn Calpe, ber við í baksýn

Elín Pálsdóttir var á Calpe í sumar

## Skemmtum okkur mjög vel

Það stóð ekki til að við færum í frí til útlanda en svo sáum við grein í Fréttablaði Eflingar um Calpe, héldum fjölskyldufund og skelltum okkur í sólina. Þetta segir Elín Pálsdóttir en hún og eiginmaður hennar, Sverrir Jóhannesson dvöldu á Calpe í tvær vikur í júlí, ásamt dætrum sínum, Fanneyju Ósk, 12 ára og Ingibjörgu sem er 15 ára. Þetta var líka mjög hagstætt tilboð í sólina, bætir hún við. En hvernig líkaði þeim á Calpe?

Mjög vel. Íbúðin sem við fengum til umráða var á 11. hæð og okkur leist strax mjög vel á hana. Það voru tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi, eldhús, stofa og stórar svalir sem snéru að ströndinni og loftkæling. Einnig fylgdi íbúðinni þvottavél, uppþvottavél og stór ísskápur.

Þegar sólin fór að skína fórum við á ströndina og lágum í sólbaði og busluðum í sjónum eða bruguðum okkur í siglingu á hjólabát. Þá höfðum við aðgang að ágættri sundlaug á hótelinu. Á kvöldin tókum við strætisvagn í gamla bæinn eða fórum fótgangandi og skoðuðum

gamlar byggingar og fleira skemmtilegt sem fyrir augu bar.

Elín segir að þau hafi líka farið í skemmtigarð sem heitir Terra Mitica og þar hafi m.a. verið rússíbanar, nokkrar gerðir af vatnstækjum og margir frábærir veitingastaðir. Svo fórum við í dýrargarð sem heitir Mundomar og sáum sýningar með sæljónum og höfrungum og ýmis önnur dýr. Því miður komumst

við ekki í vatnagarðinn því að hann var lokaður. En við fórum oft í minigolf og dætrum okkar fannst mjög gaman að spila billjard.

Einn daginn leigðum við bíl og keyrðum til Altea, sem er listamannabær skammt frá Calpe og sáum marga fallega gripi sem hefði verið gaman að taka með heim. Síðan fórum við með rútu til Benidorm og gengum m.a. Laugavegin, sem margir Íslendingar kannast við og skoðuðum mannlífið og sigldum svo til baka með ferju. Það var frábært. Á kvöldin borðuðum við oftast á kínverskum veitingastað sem var á jarðhæð hótelsins sem við bjuggum á. Svo fórum við einu sinni á japanskan veitingastað. Þar sátu gestirnir við borð umhverfis kokkana og fylgdust með þeim leika listir sínar við eldamennskuna. Það var mjög sérkennilegt, en maturinn var frábær. Við elduðum aðeins í eitt skipti heima en aðstaðan var samt mjög góð.

Elín segir að fjölskyldan hafi skemmt sér mjög vel í ferðinni. En sennilega hafa Sverrir og Fanney Ósk upplifað eftirminnilegasta augnablikið þegar þau gengu á Klettinn, sem auðkennir staðinn. Hann er c.a. 332 metrar á hæð og gönguleiðin var mjög vel merkt. Gangan upp tók c.a. eina klukkustund og þau áttu varla orð til þess að lýsa hrifningu sinni yfir útsýninu sem mætti þeim á toppnum, sagði Elín að lokum.

*Í sumar hefur Efling í samstarfi við Sumarferðir staðið fyrir mjög hagstæðum sumarleyfisferðum til Calpe á Spáni og hafa þær verið mjög vinsælar, sérstaklega fyrir fjölskyldur með börn. Blaðið heimsótti tvær fjölskyldur sem fóru í þessar ferðir og forvitnaðist um hvernig þeim hefði líkað að eyða sumarfríinu í Calpe.*



Sverrir bregður á leik við indjána sem stóð fyrir frama verslun í Calpe



*Ein perla hálendisins sótt heim*

## Nær fullbókað í Kerlingafjöll



Ánægður ferðalangur í Kerlingafjöllum

Haustferðir Eflingar-stéttarfélags hafa verið vinsælar undanfarin ár og ljóst að aðsóknin í ferðirnar er mikil í haust enda er áfangastaður ein af fallegustu perlum á hálendi Íslands.

Fyrri dagsferðin er á dagskrá 3. september en fullbókað er í þá ferð. Nokkur sæti eru enn laus í seinni ferðina sem farin verður 10. september.

Boðið verður upp á gönguferð þegar

komið er í Kerlingafjöllin og einnig er aðstaða á staðnum fyrir ferðafélagana til að borða hádegisnesti.

Frekari upplýsingar má fá í síma 510 7500.

## FISKVINNSLUFÓLK - FISKVERKENDUR

### *Mennt er máttur*

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk, og starfsmenn fiskimjölsverksmiðja og fiskeldisstöðva.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráefnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál, mannleg samskipti og umhverfismál.

Námskeiðið færir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kynntu þér málið.

*Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum*



**Starfsfræðslunefnd  
fiskvinnslunnar**

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík  
Sími 545 8300 Fax 562 1853 netfang hulda@hafro.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins.





Sigurður, Ólöf Ragna, Gunnlaugur og Reynir Logi

Með Eflingu á Spáni

## Vonandi framhald á þessu framtaki

- segir Sigurður Halldórsson

Ég rakst á grein í Fréttablaði Eflingar og við ákváðum að skella okkur, sagði Sigurður Halldórsson, sem ásamt eiginkonu sinni Jóhönnu Gunnlaugsdóttur dvaldi á íbúðarhótelinu Apolo í tvær vikur. Með í för voru einnig tvíburarnir Gunnlaugur og Reynir Logi sem eru 7 ára og Ólöf Ragna 11 ára. Við skoðuðum ýmis tilboð en boð Eflingar og Sumarferða var það álitlegasta og við ákváðum að bóka fjölskylduna í tveggja vikna ferð frá 21. júlí til 4. ágúst.

Stóra stundin rann upp sem við höfðum beðið eftir í margar vikur og eftirvæntingin skein úr andlitum barnanna, þegar við komum í Leifsstöð, tveim tímum fyrir brottför. Sigurður segir að flugið hafi verið notalegt og börnin hafi verið róleg allan tímann. En þeim brá svolítið þegar við komum úr flugvélinni í Alicante og hitinn skall á þeim. Það tók okkur svolitinn tíma að venjast breytingunni. Við fengum fína íbúð

með tveimur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi og baði. Svalir snéru í átt til sjávar.



Kátir krakkar

**Svo fórum við í dagsferð og skoðuðum m.a. dýragarð og skemmtum okkur í vatnsrenni-brautargarði**

Þá kom sér líka vel að hafa þvottavél og loftkælingin var mikið notuð enda fór hitinn aldrei undir 30 gráður á daginn.

Á morgnana fórum við yfirleitt á ströndina í sólbað og börnin léku sér í sjónum. Það kom sér líka vel að þar var oftast talsverður vindur til þess að kæla mann aðeins. Eftir hádegi fórum við svo heim á hótél og fórum í sundlaugina.

Annars var ekki mikið um að vera á hótelinu og það var bannað að vera með bolta eða annað dót í lauginni. Eitt kvöldið hittist hópurinn sem var á vegum Sumarferða á öðru hóteli og borðaði góðan mat og spjallaði saman. Það var mjög skemmtileg kvöldstund.

Svo fórum við í dagsferð og skoðuðum m.a. dýragarð og skemmtum okkur í vatnsrenni-brautargarði. Þá gengum við mikið meðfram ströndinni og í gamla bænum. Svo var líka notalegt að sitja úti á svölum og horfa á lífið á ströndinni.

Fyrstu dagana borðuðum við á veitingastöðum. En börnin voru hálf lystarlaus í hitanum og því var ákveðið að elda heima seinni hluta ferðarinnar.

Það eina sem stóðst ekki var að þríf í-búðarinnar hefðu mátt vera betri.

Við erum mjög sátt við dvölinna á Calpe og vonandi verður framhald á þessu framtaki félagsins, sagði Sigurður að lokum.



Starfsmannaviðtöl – Launaviðtöl

# Nýtum réttinn til að láta okkar skoðun í ljós

Í síðustu kjarasamningum kom inn nýtt ákvæði í samninga Eflingar - stéttarfélags þar sem kveðið er á um að þegar atvinnurekandi skipuleggur starfsmannaviðtöl þá taki þau einnig til Eflingarfélaga.

Framkvæmd starfsmanna- og launaviðtala innan fyrirtækja og stofnana hefur aukist á síðustu árum. Tilgangur starfsmannaviðtala er meðal annars sá að samræma þarfir og óskir starfsmanna og fyrirtækisins. Þau eru einnig kjörinn vettvangur til að styrkja samskipti yfirmanns og starfsmanns, efla sjálfstæði og vöxt starfsmanns og koma á markvissri símenntun innan fyrirtækja. Þegar um launaviðtöl er að ræða kemur til viðbótar umræða um kaup og kjör.

Niðurstaða úr þessum viðtölum byggist að hluta á því hvernig við höfum undirbúið okk-

ur fyrir þau. Námskeiðið starfsmannaviðtöl – launaviðtöl er hugsað sem hjálp við undirbúning. Á námskeiðinu er fjallað almennt um viðtöl milli starfsmanna og stjórnenda og hvernig starfsmenn geti undirbúið sig undir þau og niðurstöður þeirra.

Námskeiðið er opið öllum Eflingarfélögum og er ókeypis. Skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500 eða [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is).

## ▶ Hvar & hvenær?

Námskeiðið, sem tekur tvö kvöld, verður haldið í fræðslusetri Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð þann 19. og 20. október frá kl 19:00 til 22:00.



## Viltu hætta að reykja?

Efling greiðir allt að 5.000 krónur uppí námskeið til að hætta reykningum fyrir félagsmenn sína\*

\* Miðast við að félagsmaður hafi greitt í félagið síðastliðna 12 mánuði samfelt.

Hámarksstyrkur miðast við að iðngjald sé kr 12.400 eða meira, annars er greitt hlutfall miðað við innkomin gjöld.

## Vissir þú að?

Efling greiðir allt að 5.000 krónur uppí námskeið til að hætta reykningum fyrir félagsmenn sína\*

\* Miðast við að félagsmaður hafi greitt í félagið síðastliðna 12 mánuði samfelt.

Hámarksstyrkur miðast við að iðngjald sé kr 12.400 eða meira, annars er greitt hlutfall miðað við innkomin gjöld.

## Vissir þú að?

Sjúkrasjóður styrkir heyrnartækjakaup félagsmanna um allt að 25.000 krónur ef kostnaður tækjanna er yfir 50.000 krónum\*

\* Miðast við að félagsmaður hafi greitt í félagið síðastliðna 12 mánuði samfelt.

Hámarksstyrkur miðast við að iðngjald sé kr 12.400 eða meira, annars er greitt hlutfall miðað við innkomin gjöld.





Gunnþóra Guðmundsdóttir, Guðrún Alexandersdóttir, Þuríður Árný Snorraddóttir og Guðný Sigrún Guðnadóttir

Plejesenter Hörgarder

## Mjög ánægðar með ferðina

Annar hópur félagsmanna Eflingar heimsótti Plejesenter Hörgard, sem er hjúkrunarheimili fyrir aldraða og er staðsett á Amager í Kaupmannahöfn. Hópin skipuðu Guðný Sigrún Guðnadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, Guðrún Axelsdóttir og Þuríður Árný Snorraddóttir, starfsmenn Hrafnistu í Reykjavík og Vífilstaða. Þær sögðust vera mjög ánægðar með ferðina og það hefði verið mjög lærdómsríkt að kynna góðri aðstöðu starfsmanna og hvernig umönnun aldraðs- og fatlaðs fólks væri háttað hjá dönun.

Á Hörgard eru þrjár íbúðablokkir sem skiptast í hjúkrunardeildir, þjónustuíbúðir og dagdeild fyrir aldrað og fatlað fólk. Eins getur eldra og yngra fólk sem býr á Amager nýtt sér þjónustuna á Hörgard t.d. á dagdeild, farið í sjúkrahjálfun og keypt máltíðir. Ef fólk kemst ekki sjálf á staðinn, er það sótt á sérútbúnum bíl. Á hverri deild eru tuttugu heimilismenn og fimm starfsmenn vinna á dagvakt og sér hver starfsmaður

um fjóra heimilismenn. Hann ber ábyrgð á þrifum herbergja og hjálpartækja, pantar matinn og sér um að gefa skjólstæðingum sínum lyf. Þá skiptir hann um umbúðir á sárnum og ef starfs-

Það hefði verið mjög lærdómsríkt að kynna góðri aðstöðu starfsmanna og hvernig umönnun aldraðs- og fatlaðs fólks væri háttað hjá dönun



manni finnst eitthvað vera athugavert, kallar hann á aðstoðarmann eða lækni. Síðan eru þrír starfsmenn á kvöldvakt og einn á næturvakt.

Dagdeildin var heimsótt. Þar dvelja 70 til 100 manns á hverjum degi og vinna m.a. við alls kyns föndur, sem fer á jólabasar og ágóðinn er síðan notaður til að standa straum af kostnaði á deildinni. Fólk sat líka úti í garði og vann sína handavinnu og drakk kaffi í næði.

Á annarri hæð hjúkrunarheimilisins eru tveggja herbergja íbúðir fyrir eldra fólk sem sér að mestu leyti um sig sjálf. Þær eru mjög rúmgóðar og stórar svalir fylgja hverri íbúð. Á þriðju og fjórðu hæð dvelur fólk sem þarf meiri aðstoð. Það vakti sérstaka athygli hvað allt var hlýlegt og persónulegt á heimilinu. Við hverja íbúð var póstkassi og mikið af blómum og öðru árstíðabundnu skrauti á göngum og setustofum. Hjón sem koma til vistunar fá stærri íbúð og þegar annar aðilinn fellur frá, fær eftirlifandi maki að vera í íbúðinni til dauðadags, segja þær.

Dvölinni á Hörgard lauk með því að okkur var boðið í kaffi úti í garði. Að því loknu þökkuðum við gestgjöfum okkar fyrir gott viðmót og hældum heim á leið reynslunni ríkari, sögðu samferðarkonurnar að lokum.

Mannaskipti Leonardóáætlunarinnar

## Viltu kynna þér þitt starf í öðru landi?

- tugir Eflingarfélaga hafa heimsótt fyrirtæki erlendis

Efling hefur undanfarin ár sótt um styrki til mannaskipta vegna félagsmanna sinna í Leonardó starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Um er að ræða styrki til þess að heimsækja fyrirtæki í öðru Evrópulandi sem starfa í sama geira og viðkomandi vinnur í hér heima. Hér er um kærkomið tækifæri að ræða til að auka viðsýni og þekkingu í sinni atvinnugrein, kynna nýjungum og afla sér þekkingar sem nýtist bæði viðkomandi starfsmanni og hans fyrirtæki.

Efling mun áfram sækja um þessa styrki nú í vetur og ef þú hefur áhuga hvetjum við þig til þess að setja þig í samband við okkur. Ferðirnar standa yfir í eina viku og gert er ráð fyrir að þinn atvinnurekandi verði Eflingu innan handar um að finna heppilegt fyrirtæki eða stofnun til að heimsækja. Ferðir og uppihald eru greidd og einnig er hægt að sækja um styrki í starfsmenntasjóði félagsins fyrir þessum ferðum.



Ágúst Þorláksson lengst t.h. í hópi þátttakenda frá ýmsum löndum

Alþjóðlegur hópur um nám

# Skemmtilegt og aðlaðandi fyrir alla

- segir Ágúst Þorláksson

Í maímánuði bauðst Ágústi Þorlákssyni, starfsmanni Eflingar að vera með hópi frá ýmsum löndum sem hittist í Bretlandi og á það sameiginlegt að vinna að menntun fullorðinna í fyrirtækjum á almennum markaði. Hann vissi ekki mikið um þennan hóp en það sem hann kynntist var sannarlega gefandi. Hópurinn var að hittast í annað skiptið til þess að meta árangur frá fundi um menntamál 2004. Ágúst sagði í samtali við Fréttablað Eflingar að þetta hefði verið fróðlegt að fá að kynna nýjungunum í námi fyrir fullorðna og hvernig tekið væri á vanda þeirra sem væru komnir í öngstræti með líf og nám.

Þátttakendur hófu starfið með því að gefa skýrslu um það sem þau höfðu verið að gera síðan á október fundinum. Síðan var þeim boðið að vera viðstödd opnunarhátíð á viku fullorðins fólks í námi sem heitir á ensku Adult learners' week. Þar voru veitt verðlaun fyrir ár-

angur og annað sem leiðbeinendur og kennarar lögðu til. Það var alveg frábært að sjá fólkið taka við verðlaunum fyrir árangur sem það hafði náð. Allt frá fyrrverandi heimilislásum til fatlaðra, sem og fólks sem hefur ekki verið í skóla lengi og var að leggja af stað í nám eftir mörg ár. Það var gefandi að sjá hvað þetta fólk var ánægt með það sem verið var að verðlauna það fyrir.

Síðan var hópnum skipt upp í tvo hópa sem kynntu sér hvað verið var að gerast í fræðslu og námi fyrir fólk á Bretlandi. Sá hópur sem Ágúst var í, fór til Manchester og heimsótti hverfismiðstöð sem er í einu hverfi borgarinnar,

Moss side. Miðstöðin vinnur að því að kenna útlendingum sem þar koma frá ólíkum löndum ensku og annað. Einnig voru þeir að vinna að verkefnum sem lúta að umhverfinu og voru meðal annars að láta gera garð þar sem áður hafði verið illa hirt svæði.

Það var athyglisvert að sjá hvernig hægt er að nýta atvinnulaust fólk sem sjálfbóðaliða, fólk sem ekki hefur haldið áfram í námi eða farið af braut í lífinu. Þetta sáum við í stríðsminjasafninu þar sem slíkir sjálfbóðaliðar unnu við hlið annarra starfsmanna. Þeir sem gera þetta fá í staðinn möguleika á ýmiss konar fræðslu og námi.

Ég lærði mikið á þessari stuttu ferð til Bretlands, en kannski fyrst og fremst að hægt er að nálgast nám á ýmsan hátt og gera það aðlaðandi og skemmtilegt fyrir alla, segir Ágúst Þorláksson.

Þessi Alþjóðlegi hópur ákvað að hittast oft og setja á fót alþjóðleg samtök um nám fyrir fullorðna.

Frábært var að sjá hvað fólk var ánægt að fá verðlaun fyrir árangur í námi





Úr söguhominu

## Gamla myndin frá Svignaskarði

Efling-stéttarfélag á allnokkur málverk og myndir sem hafa komist í eigu félagsins á afmælis- og tyllidögum eldri félaganna. Þetta eru bæði landslagsmyndir og myndir sem sýna líf og starf verkafólks og aðstæður þess á fyrri tíð. Að þessu sinni sýnir Eflingarblaðið fallega landslagsmynd sem nú getur að líta í stjórnarherbergi félagsins.

Um er að ræða landslagsmynd eftir Pétur Friðrik. Olía á striga 1974. Séð er frá Svignaskarði til Kölduskálar og Skarðsheiðar. Pétur Friðrik er Reykvíkingur fæddur 15. júlí 1928 sonur Sigurðar Þórðarsonar bankamanns og Ólafíu Pétursdóttur Hjaltested. Hann byrjaði mjög ungur að mála og hélt sjálfstæða sýningu í Listamannaskálanum 1946 þá á átjándá ári.

Þetta verk skipar sérstakan sess í sögu



Iðju. Félag íslenskra iðnrekenda fól Pétur Friðriki að mála það sérstaklega fyrir Iðju í tilefni 40 ára afmælis félagsins 1974 og mótífið gat ekki átt betur við því Svigna-

skarð varð eign Iðju 1967-1968.

Forráðamenn Iðju vissu nefnilega að engin eign er betri góðri jörð.



Fjölbrautaskólinn  
í Breiðholti

# Kvöldskóli FB

Félagsgreinar - Íslenska - Sagnfræði - Listir - Handíðir - Snyrtifræði  
Rafiðnir - Raungreinar - Stærðfræði - Sjúkraliðagreinar - Tréiðnir  
Tungumál - Tölvugreinar - Viðskiptafræði

## www.fb.is

Verzlunarskólinn

## Nýtt nám fyrir fólk í þjónustustörfum



Hildur Friðriksdóttir, verkefnastjóri

**Verslunarfagnám** Verslunarskóla Íslands hófst í janúar síðastliðnum í samvinnu við Samtök verslunar og þjónustu, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, VR, auk nokkurra verslana og þjónustukeðja. Það er sérstaklega hannað fyrir starfsfólk í þessum greinum. Ástæðan var einkum skortur á almennri fagþekkingu og mikil starfsmannavelta í greininni. Þrátt fyrir að að innan greinarinnar sé fræðsla afýmsu tagi, var talið nauðsýnlegt að í boði væri heilstæðara og lengra nám, segir Hildur Friðriksdóttir, verkefnastjóri.

Hildur segir að námið eigi sér ekki nákvæma fyrirmynd annar staðar en reynsla annarra þjóða af sambærilegu námi hafi verið nýtt við undirbúning þess. Mikil áhersla er lögð á að raungera skólanámið jafnóðum á vinnustað með aðstoð sérstaks starfsþjálfara og nýta raunveruleg dæmi af vinnustað til úrvinnslu í skólanum.

Hún segir ennfremur, að í ummælum nemenda sem voru útskrifaðir í vor hafi komið fram að þeim fannst þeir fá mikinn stuðning í skólanum. Grunnurinn að því er hversu mikil áhersla er lögð á að efla sjálfstraust og byggja upp góða starfsmynd. Nær allir starfsþjálfarnir tóku fram í umsögnum um starf sitt að á þeim þrettán vikum sem fyrsta lotan stóð yfir hefði fólk þetta öðlast meira sjálfstraust, aukið frumkvæði og það sé óhræddara við að koma með hugmyndir um betra starfs-

Starfsfólkið öðlast meira sjálfs-traust fær, aukið frumkvæði og það er óhræddara við að koma með hugmyndir um betra starfs-umhverfi



umhverfi. Einnig tóku nokkrir þeirra fram að starfsfólkið hefði nýja og betri yfirsýn yfir rekstur fyrirtækisins og hvað þurfi til svo að starfsemin gangi upp.

Um næstu áramót verða tveir hópar teknir inn í námið, en umsóknarfrestur er til 30. september. **Hildur sagðist sérstaklega vilja hvetja félagsmenn Eflingar á bensínstöðvum sem vinna þar ýmis þjónustustörf að sækja um sem fyrst.**

Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni [www.verslo.is](http://www.verslo.is)



Karl Ó. Karlsson



Atli Gíslason

Skrifstofa Eflingar

## Viðtalstímar lögmanna

Lögmenn Eflingar-stéttarfélags eru til viðtals á skrifstofu félagsins á þriðjudögum milli 13.00-16.00 yfir sumartímann en á veturna er viðtalstíminn til 16.30. Það eru þeir Atli Gíslason og

Karl Ó. Karlsson frá lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar sem sjá um viðtalstímana. Ekki þarf að panta tíma fyrirfram. Það nægir að mæta á skrifstofuna á þessum tíma.





Námshvatning á vinnustað

## Trúnaðarmenn á námskeiði um námsráðgjöf

- kynna samstarfsmönnum námsmöguleika

Sex trúnaðarmenn Eflingar útskrifuðust í sumarbyrjun af námskeiði um námsráðgjöf á vinnustað. Námið, sem er kallað *Námshvatning á vinnustað*, var hluti af alþjóðlegu verkefni (Leonardó-tilraunaverkefni) sem Efling og Starfsafl taka þátt í með níu öðrum evrópulöndum. Námið var sambland af fjarnámi í gegnum tölvu og staðbundnum námslotum þar sem nemendur hittust með kennara.

Tilgangur þessa námskeiðs er að trúnaðarmenn geti gefið samstarfsmönnum sínum fyrstu ráðgjöf í vali á námi og námsmöguleikum. Þannig er verið að víkka út hlutverk trúnaðarmannsins þannig að hann sé ekki aðeins að leiðbeina samstarfsmönnum um réttindi og skyldur samkvæmt kjarasamningum heldur einnig hvernig samstarfsmenn geti snúið sér vilji þeir fara í nám eða á námskeið.

Efling mun standa að öðru námskeiði fyrir trúnaðarmenn um námshvatningu á vinnustað í haust - áhugasamir trúnaðarmenn geta snúið sér til Eflingar til

að fá frekari upplýsingar.

Á meðfylgjandi myndum sem teknar voru við útskriftina má sjá hvar Maríanna Traustadóttir fyrrverandi framkvæmdastjóri Starfsafls afhendir nemendum viðurkenningu fyrir þátttökuna í námskeiðinu sem var dekurdagur í Bláa Lóninu. Á hinn myndinni stilltu nemendur sér upp að baki kennaranum Fjölu Maríu frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Garðari Vilhjálmsyni fræðslustjóra Eflingar sem er verkefnisstjóri verkefnisins.



Nýtt andlit hjá Eflingu

# Bergþóra Margrét Jóhannsdóttir til starfa



Bergþóra Margrét Jóhannsdóttir

Bergþóra Margrét Jóhannsdóttir hefur verið ráðin til starfa á skrifstofu Eflingar. Hún mun taka við starfi Elvu Tryggvadóttur í móttöku Eflingar.

Bergþóra hefur gegnt ýmsum störfum en þar á meðal eru ýmis störf sem tengjast samningssviðum Eflingar-stéttarfélags. Hún vann um sjö ára skeið hjá Félagshjónustunni í Reykjavík á sviði fötlunar og í umönnunarstörfum aldraðra. Þá var hún í svipuðum verkefnum hjá Hrafnistu um tíma og vann við umönnunarstörf á Landakotsspítala. Bergþóra hefur einnig unnið ýmis störf sem tengjast verslun og viðskiptum en hún vann hjá Íslenskum Aðalverktökum áður en hún tók við starfi hjá Eflingu.

Bergþóra er í sambúð og á fjögur uppkomin börn.



Elva Tryggvadóttir

## Elva Tryggvadóttir hættir hjá Eflingu

Elva Tryggvadóttir hefur látið af föstu starfi hjá Eflingu-stéttarfélagi. Elva hefur verið starfsmaður á skrifstofu Eflingar í tæp þrjú ár. Hún ætlar að snúa sér að námi á fullu með haustinu, en verður áfram við störf í afleysingum og einstökum verkefnum.

Efling-stéttarfélag þakkar Elvu fyrir góð störf í þágu félagsins á undanförunum árum.

### Pekkingarsetur löntæknistofnunar

## Námskeið á haustönn

### September

**5. sept. - Að stofna og hanna verslun**  
Í tengslum við viðskiptavininn.  
Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

**8. sept. - Samkeppnisyfirburðir -  
þróun vöru og þjónustu**  
Öflug verkfæri til nýsköpunar.  
Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

**15. sept. - Nýjar vörur á markaði**  
Að vera leiðtogi á markaði.  
Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

**16. sept. - Þeir fiska sem róa**  
Öflun hugmynda til þróunar.  
Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

**19. sept. - Lager og birgðastjórnun**  
Nýjar aðferðir - hagnýtar lausnir.

**20. sept. - Gerð viðskiptaáætlana**  
Gagnlegt plagg eða óþarfa vinna.

**21. sept. - Lykill að árangri**  
Hagnýtar aðferðir við verkefnastjórnun.

**29. sept. - Þjónustugæði**  
Tryggja samkeppnisforskot.  
Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

**29. sept. - Yfirburðir í viðskiptum**  
Hagnýt viðmið (Benchmarking).  
Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

### Október

**1. okt. - Stofnun og rekstur smáfyrirtækja**  
Frá hugmynd til framkvæmda.  
Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

**3. okt. - Bættur rekstur**  
Námskeið og ráðgjafarverkefni.

**4. okt. - Markaðslyklar**  
Að ná árangri í markaðssetningu.

**6. okt. - Innkaup og vörustjórnun í  
verslunum**  
Að hámarka virði innkaupa.

**10. okt. - Stjórnun og rekstur mótuneytis**

**10. okt. - Verkstjórn**  
Stjórnunarnám fyrir millistjórnendur.

**11. okt. - AirOpera**  
Virkjun sköpunarhæfni á vinnufundum.

**11. okt. - Skráning og færsla launa**  
Öryggi og markviss vinnubrögð í launa-  
umsjón.  
Í samstarfi við Ax hugbúnaðarhús.

**17. okt. - Umsjónarmenn fasteigna I**  
Starfsnám fyrir umsjónarmenn fasteigna.

**18. okt. - Innheimta reikninga**  
Hraði, röð og regla í innheimtu reikninga.  
Í samstarfi við Ax hugbúnaðarhús.

**19. okt. - Mannauðstjórnun fyrir milli-  
stjórnendur**  
Aðferðir við stjórnun starfsmanna,  
teymisvinnu og hvatningu.

**20. okt. - Verkfæri gæðastjórnunar**  
Tölfræðilegar aðferðir gæðastjórnunar.

**24. okt. - Umsjónarmenn fasteigna III**  
Starfsnám fyrir umsjónarmenn fasteigna.

**25. okt. - Áætlanagerð í daglegum rekstri**  
Áætlanir og eftirfylgni til árangurs.

### Nóvember

**1. nóv. - Í fótspor McDonalds**  
Stofnun og rekstur sérleyfisfyrirtækja  
(franchise).  
Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

**2. nóv. - Gæðastaðlar og gæðakerfi**  
Tilgangur og ávinningur gæðastjórnunar.

**7. nóv. - Verkstjórn**  
Stjórnunarnám fyrir millistjórnendur.

**8. nóv. - Útvistun/innvistun  
(Outsourcing)**  
Verkefna eða hluta af starfsemi.  
Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

**15. nóv. - Vörustjórnun**  
Aðfangakeðjan og rafræn viðskipti.

**16. nóv. - Grænt bókhald**  
Framtíðarvinnubrögð í nútímarekstri.

**28. nóv. - Sölustjórnun**  
Greining og söluaðgerðir.

### Desember

**5. des. - Aukin ánægja viðskiptavina**  
Þjónustugæði  
Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

**6. des. - Rýnihópar**  
Rýni á umbóta- og þróunarvinnu.

Upplýsinga- og miðlunarbraut  
Stjórnunarbraut  
Starfsnámsbraut  
Réttindabraut  
Athafnabraut

**AÐ ÞORA, GETA OG VILJA!**

**Pekkingarsetur**  
löntæknistofnunar  
www.iti.is

Sjá nánar  
www.iti.is  
eða  
www.ru.is





Hvað stendur fólki til boða?

# Alltaf möguleikar á að mennta sig

- Stöðugt aukin tækifæri fyrir Eflingarfélaga

Efling-stéttarfélag leggur mikla áherslu á að félagsmenn geti tekist á við ný verkefni, aðlagast breyttum aðstæðum og geti tileinkað sér nýja tækni. Félagið hefur þess vegna lagt mikla áherslu á menntun, hvort sem um er að ræða grunnmenntun eða starfstengda þekkingu á viðkomandi starfs sviði.

Efling starfrækir í samstarfi við atvinnurekendur öflugra starfsmenntunarsjóði sem hafa bæði tekið að sér að styrkja félagsmenn beint með námsstyrkjum en einnig að þróa og bjóða uppá nýja námsmöguleika sem ekki hafa verið til staðar í íslensku fræðslukerfi.

## Grunnnám

Í grunnnámi hefur félagið boðið félagsmönnum á sérstök þriggja kvöldra sjálfstyrkingarnámskeið og framhaldsnámskeið í sjálfstyrkingu, fjármálanámskeið, framsagnar- og námskeið í framkomu og námskeið um starfsmannaviðtöl. Í lengri almennum námsleiðum hefur félagið í samstarfi við Mími - sí-

menntun boðið félagsmönnum uppá námskeið fyrir lesblinda, Aftur í nám, og Grunnmenntaskólann. Þá hafa félagsmenn sem eru af erlendu bergi átt þess kost að sækja Landnemaskólann. Þessi lengri námstilboð hafa verið metin til eininga í framhaldsskóla og þannig verið grunnur að frekara námi hjá félagsmönnum.

## Sérhönnuð námskeið tengd starfsgreinum

Til viðbótar við ýmis félagsleg námskeið og lengri almennar námsleiðir hafa starfsmenntasjóðirnir þróað og komið á ýmsum sérhönnuðu starfsnámi fyrir einstakar starfsgreinar og hópa. Hér má nefna nám tengt jarðvinnu- og byggingargreinum - Jarðlagnatækni og Byggingaliðanám; nám tengt uppeldis og umönnunargreinum - Félagsliðanám og Skólaliðanám; nám tengt matvæla- og mótuneytisstörfum í samstarfi við Matvælasólann í Kópavogi; nám tengt ræstingum, svokallað Þjónustuliðanám; nám tengt flutningum og lagerstörfum - Flutningaskólann. Sérstakt nám var

hannað fyrir starfsmenn bensínstöðva, starfsmenn hjá hreinsunardeild Reykjavíkurborgar, starfsmenn umhverfissviðs Reykjavíkurborgar og unnið er að sérhönnuðu námi fyrir öryggisverði. Sérstök námstilboð með raunfærnimati hafa verið hönnuð fyrir starfsmenn við símlagnir en þar er horft sérstaklega á þá þekkingu sem er komin til með starfsreynslu við viðkomandi starf.

## Námsráðgjöf í boði

Hér hefur verið tæpt nokkru af því helsta sem Efling hefur boðið félagsmönnum í fræðslumálum en til viðbótar hefur félagið staðið að námsráðgjöf til félagsmanna úti á vinnustöðum, sem er oft fyrsta skrefið til að hefja nám að nýju.

Eflingarblaðið ræddi við nokkra félagsmenn um þeirra skoðun á fræðslukerfi Eflingar og spurði hvort þeir hafi hugsað sér að nýta tækifærin til að bæta hæfni sína og þekkingu.

Námsmöguleikar ungs fólks

# Námsráðgjafinn átti stóran þátt í ákvörðun minni

- segir Lára Harðardóttir



Lára Harðardóttir, starfsmaður á lager hjá Ellingsen sagðist hafa kynnt sér hvaða námsmöguleikar væru í boði hjá Eflingu. Það kom námsráðgjafi á vinnustaðinn sem ég vann á áður og eftir að hafa heyrt hvað hann hafði fram að færa fór ég í viðtal hjá Mími-símenntun. Mér var bent á nokkra námsleiðir og þegar ég hafa hugsað málið ákvað ég að fara til Danmerkur í haust og læra umönnun aldraðra og fatlaðs fólks.

Námsráðgjafinn átti stóran þátt í þessari ákvörðun vegna þess að eftir viðtalið hafði sjálfstraustið aukist og ég þorði að taka þessa ákvörðun. Mér líst mjög vel á hvernig staðið er að fræðslumálum hjá félaginu og vil hvetja alla til þess að kynna sér námið sem er í boði í vetur.

## Læt skrá mig við fyrsta tækifæri

- segir Kristín Dögg Guðmundsdóttir

Kristín Dögg Guðmundsdóttir, vaktstjóri á bensínstöð Olís í Garðabæ, sagði að hún væri nýflutt í bæinn og hefði ekki haft tækifæri til þess að kynna sér hvaða námsmöguleikar væru í boði hjá Eflingu. En ég hef heyrt hjá vinnufélögum að félagið bjóði upp á mjög góð sjálfstyrkingarnámskeið og styrki til tölvunámskeiða og ég ætla að láta skrá mig við fyrsta tækifæri.

Ég lauk bóklegu námi í rennismíði í Verkmenntaskólanum á Norðfirði og þessi námskeið geta komið sér vel ef ég fer í frekara nám.



Jón Albert Garðarson

## Grunnmenntaskólinn í skoðun

Jón Albert Garðarsson, útimaður á bensínstöð Esso í Borgartúni, sagði að hann hefði aðeins kynnt sér hvaða námskeið væru í boði hjá Eflingu og sér litist best á tölvunámskeiðin.

Ég hef mikinn áhuga á tölvum og hef hug á að skrá mig á námskeið í vetur ef ég fæ styrk hjá félaginu. Svo hef ég líka heyrt talað um Grunnmenntaskólann og það kemur vel til greina að stunda nám þar í framtíðinni.







# **Fyrirtæki sem veita félagsmönnum Eflingar-stéttarfélags afslátt**

Frá desember 2004 - desember 2005

## **Blómaverslanir**

### **Runni-Studíóblóm**

Hverafold 1-3  
15% staðgr. 15% kreditk.  
Af öllu nema búntum kirkjuskreytingum, krönsum og tilboðum.

### **Garðheimar**

Stekkjarbakka 6 Mjódd  
10% staðgr. 10% kreditk.

## **Hjólbarðaverkstæði**

### **Hjólbarðaböllin**

Fellsmúla 24  
10% staðgr. 5% kreditk.

## **Bifreiðapjónusta**

### **Smur-bón og dekkjapjónustan**

Sætúni 4  
10% staðgr., 5% af dekkjum.

## **Bílapvottastöð**

### **Pvottastöðin**

Sóltúni 3 (Akóges-Salurinn) 10% staðgr. 10% kreditk.

## **Bifreiðaskoðun**

### **Frumherji**

Hesthálsi 6-8, Skeifunni, Bæjarflöt 8,  
Dalvegi 22 og Garðatorgi.  
15% staðgr. 15% kreditk.

## **Gleraugnaverslun**

### **Sjónarbóll**

Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði.  
12% staðgr. 10% kreditk.

## **Úr og skartgripaverslanir**

### **Meba úr og skartgripir**

Kringlunni  
10% staðgr. 5% kreditk.

### **Rhodium úr og skartgripir**

Kringlunni  
10% staðgr. 5% kreditk.

### **Meba-Rhodium úr og skartgripir**

Smáralind  
10% staðgr. 5% kreditk.

## **Fatahreinsun**

### **Efnalaugin-Björg**

Miðbæ Háaleitisbraut.  
15% staðgr. 5% kreditk.

### **Efnalaugin-Björg**

Mjódd Álfabakka 12  
15% staðgr. 5% kreditk.

## **Skóvinnustofa**

### **Skóvinnustofa Halldórs Guðbjörnssonar**

Hrírateig 19 v/ Sundlaugaveg.  
10% staðgr., 5% kreditk. af viðgerðum.

## **Barnavöruverslun**

### **Barnavöruverslunin Ólafía og Oliver**

Glæsibæ Álfheimum 74.  
10% staðgr. 5% af kreditk.

## **Kvenfataverslun**

### **Kvenfataverslunin Fröken Júlía**

Mjódd Þönglabakka 6.  
10% staðgr. 5% kreditk.

### **Kvenfataverslunin Stasia**

Kringlunni  
10% staðgr. 10% kreditk.

### **Kvenfataverslunin Stasia**

Smáralind  
10% staðgr. 10% kreditk.

## **Raftækjaverslun**

### **Ljósín í bænum**

Suðurverí 45-47  
10% staðgr. 5% kreditk.

**Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum.**

**Framvísa þarf félagsskírteini við kaup á vöru eða þjónustu.**

Launafólk

# Geymið launaseðlana



Margir launamenn koma á skrifstofu Eflingar og sækja um styrki úr sjóðum félagsins vegna t.d. náms, sjúkraþjálfunar, sjúkradagpeninga eða um orlofshús svo dæmi séu nefnd. Kemur þá stundum í ljós að

engar greiðslur hafa borist til félagsins frá launagreiðanda þeirra. Þetta er alvarlegt mál þar sem launagreiðendum ber að skila lögbundnum félagsgjöldum og lífeyrissjóðsgjöldum af öllu launafólki.

Í þessum tilvikum er óskað eftir því að launamenn sýni launaseðla en þeir eru kvittun fyrir þessum greiðslum. Launaseðilinn er þó ekki einungis kvittun fyrir greiðslu félagsgjalds- og lífeyrissjóðsgjaldi heldur einnig fyrir greiðslu skatta. Mjög einfalt er að athuga hvort atvinnurekandi er að skila þessum gjöldum. Til þess þarf bara að lyfta síma og leita upplýsinga hjá viðkomandi stéttarfélagi eða lífeyrissjóði.

Komi í ljós að fyrirtæki er samkvæmt launaseðli að draga af starfsmanni félagsgjald, lífeyrissjóð eða skatt en skilar því ekki þá er um fjárdrátt að ræða. Launamaður kemur þá á skrifstofu lífeyrissjóðsins með launaseðlana og eru gjöldin sett í innheimtu. Sama á við um skattinn.

Ef hinsvegar engir launaseðlar eru gefnir út þá getur launamaður lent í mjög erfiðri aðstöðu. Því lengur sem launamaður vinnur án þess að fá afhenta launaseðla þeim mun alvarlegra getur málið orðið fyrir hann. Launaseðlarnir eru eina kvittun hans fyrir þessum greiðslum og sönnunarbyrðin lendar á honum að sýna fram á að af honum hafi verið greidd umrædd gjöld. Í verstu tilvikum getur launafólk lent í því að verða að greiða allt aftur ef enginn launaseðill er fyrir hendi og atvinnurekandi neitar að afhenda þá.

Því er það áréttað að geyma alltaf launaseðla og gera athugasemdir ef þeim er ekki skilað til launamanna.

Nánari upplýsingar má fá á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags í síma 510 7500.

## Símenntun

haust 2005

Símenntunarstofnun KHÍ býður sérþekkingu á öllum sviðum uppeldis og menntunar

# simennt.khi.is

Símenntunarstofnun KHÍ kynnir foreldraskólakvöld á komandi vetri

## SAMTAL UM UPPELDI OG MENNTUN



- 11. okt. Heimanám og stærðfræði
- 8. nóv. Tilfinningagreindin skiptir sköpum
- 14. feb. Einstaklingsmiðað nám
- 14. mar. Gæði skólastarfs - líðan barna



Símenntunarstofnun  
Kennaraháskóla Íslands





|                                 | SKA-<br>STILT.<br>AR  | ROMA<br>AD<br>HÉLA             | SANT.<br>DRÖD                    | SAMM-<br>INGAR<br>SPIL | VIÐUR                  | ÞÓK<br>KIND           | KVABI<br>EJAB-<br>INN<br>SAMST. | KONU<br>HÉR-<br>VALD |
|---------------------------------|-----------------------|--------------------------------|----------------------------------|------------------------|------------------------|-----------------------|---------------------------------|----------------------|
| HÉLA-<br>BLÓD                   |                       | 1                              |                                  |                        |                        |                       |                                 |                      |
| QUEA-<br>TUNN                   |                       |                                |                                  |                        |                        |                       |                                 |                      |
| VENA<br>SVEIR                   |                       |                                |                                  |                        |                        |                       |                                 |                      |
| SILKI-<br>TEGUND                |                       |                                |                                  |                        | HÁR<br>AFL<br>ORNA     |                       |                                 |                      |
| ↓                               | ÓVISA<br>AND-<br>VARI | STILLI<br>LAPP<br>ANDR-<br>TAK | EINS                             | INNAN<br>AND<br>VAFSTA |                        |                       |                                 |                      |
| GLIÐ-<br>RÍ<br>AUM              | 3                     |                                |                                  |                        |                        |                       | ERTI<br>HJAB-<br>ILIS-<br>FAND  |                      |
| SLYS<br>HÁR<br>STONG            |                       |                                |                                  |                        |                        |                       |                                 | 6                    |
| HREY-<br>ING                    | ↓                     |                                | ÓTTAST<br>VARN<br>ELDST.<br>KONA |                        | 4                      | FOR-<br>RABIA<br>TALI |                                 |                      |
| FORN-<br>NABOR-<br>NARN<br>ALUR |                       |                                |                                  |                        |                        |                       |                                 |                      |
| FELDUR<br>HROKK<br>VIÐ          |                       |                                |                                  |                        | FLAND<br>TÖNN          | SVEIF<br>RINN<br>UM N |                                 |                      |
| TALA<br>MIKID                   | ↓                     |                                |                                  | LANDI<br>GUB<br>SK-ST. |                        |                       |                                 | 7                    |
| VEIBI                           |                       |                                |                                  |                        |                        | ATT<br>MÁER           | ATH-<br>SAND<br>LEKONG          |                      |
| RVIK                            |                       | STALDRO<br>KID<br>KALL         |                                  | 8                      | BARAN<br>NAGAR         |                       |                                 | ISKAR-<br>AR         |
| ALÖSKA<br>AR<br>BOFA            |                       |                                |                                  |                        |                        | UPPAR<br>FUGL         | SÖN<br>KEFRI<br>HVARF           |                      |
| HVOSS                           |                       |                                |                                  | UMROT<br>DYGL<br>FÖNN  |                        |                       |                                 |                      |
| LETT.                           |                       |                                | TÖNN<br>AFTUR                    |                        | ATT<br>RADD-<br>TEGUND | VOTAR                 |                                 |                      |
| ↓                               | ATT                   |                                |                                  | 5                      |                        |                       |                                 |                      |
| TÖNN<br>GUDAR<br>ILAT           |                       | 2                              |                                  |                        |                        |                       |                                 |                      |
| KALL<br>SKODUR<br>DRYKKI<br>AR  |                       |                                |                                  |                        |                        |                       |                                 |                      |

Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

# Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema **15.000,- krónum**. Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættún 1, 105 Reykjavík. Svar þarf að berast fyrir 10. október nk.



Krossgátan

## Einar Ágúst Magnússon fékk vinninginn

Pegar dregið var úr réttum lausnum í krossgátu Eflingar kom í ljós að sá heppni að þessu sinni er Einar Ágúst Magnússon. Hann vinnur hjá Byggingarfélagi Gylfa og Gunnars ehf. Efling óskar honum til hamingju með vinninginn.

## Lausn síðustu krossgátu



Lausnarorðið var:  
**BRAUÐFÓTUR**



## BORÐAÐU ÞIG GRANNA(N)!

Með Íslensku vigtarráðgjöfumum

**Við gerum lífið léttara!**

Lærðu að breyta mataræðinu og léttast um leið!

Vigtun og aðhald 1 sinni í viku.

Frábær árangur!

Mánudagur:

Reykjanesbær

2. hver mánud:

Selfoss

2. hver mánud:

Akranes

Þriðjudagur:

Akureyri

Miðvikudagur:

Garðabær

Fimmtudagur:

Reykjavík

Nánari uppl. í síma 8658407

Eða á heimasíðu

[www.simnet.is/kvo](http://www.simnet.is/kvo)

[www.vaegtkonsulenterne.dk](http://www.vaegtkonsulenterne.dk)





Gróðursetningarferð í Heiðmörk

## Reitur Eflingar merktur

Menn gengu vasklega til verka og innan skamms var skiltið komið á sinn stað. Á myndinni eru f.v. Ragnar Ólason, Guðlaugur Bjarnason, Einar Óskarsson og Guðmundur P Jónsson.

Þann 20. júní síðastliðinn fóru nokkrir Eflingarfélagar upp í Heiðmörk og settu upp skilti við reit sem Efling hefur til umráða. Einar Óskarsson, starfsmaður hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur hannaði skiltið og er nafn félagsins skorið út í tré. Núna ætti því að vera auðveldara fyrir félagsmenn sem vilja skoða reitinn að finna hann. Að því loknu var farið um svæðið og grisjað eða hlúð að gróðrinum eftir þörfum.

### Vissir þú að?

Efling styrkir félagsmenn sína vegna viðtalsmeðferðar hjá sálfræðingi og SÁÁ, til glasa- og tækniþróvunar, ættleiðingu erlendis, til dvalar í Hveragerði hjá N.L.F.Í og margt fleira. Leitaðu upplýsinga á skrifstofu Eflingar eða á heimasíðu félagsins




Guðlaugur Bjarnason, ásamt Guðlaugu Harðardóttur hlúa að furutré.



# Ný heimasíða Eflingar komin í loftið

Ný heimasíða Eflingar var tekin í notkun nú í sumar, en vegna sumarfría er ekki lokið við að setja allt efni inn á síðuna. Nú eru allir efnisflokkar að verða uppfærðir og mjög auðvelt er fyrir notendur að kynna sér einstaka kjarasamninga, námskeið í boði eða sumarhús félagsins, þá er gerð grein fyrir öllum styrkjum sjúkrasjóðs og atvinnulausir geta fundið upplýsingar á síðunni. Undir liðnum útgáfa er að finna öll blöð félagsins á pdf formi, árskýrslur og fleiri samantektir en síðan eru útbúin í sérstöku forriti sem gerir það einfalt og auðvelt að fletta í gegnum löng pdf skjöl.

Það er fyrirtækið ECweb sem sá um hönnun og uppsetningu síðunnar.



**Smelltu á [www.efling.is](http://www.efling.is)**



- Ertu búinn að vera á sjónum í eitt ár eða meira?
- Langar þig að fara á námskeið eða í skóla?

## Átt þú rétt á styrk?

Sjómennt er fræðslusjóður sjómanna og útgerðarfyrirtæja. Félagsmaður, sem unnið hefur í a.m.k. 12 mánuði skv. kjarasamningi SA/LÍÚ við Sjómannasamband Íslands, hjá útgerðum innan LÍÚ, og greitt til aðildarfélags Sjómenntar á þeim tíma á rétt á stuðningi til starfsnáms.

Samtök atvinnulífsins (SA), Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og Sjómannasamband Íslands (SSÍ) standa að Sjómennt.

Nánari upplýsingar: [www.sjomennt.is](http://www.sjomennt.is) • [sjomennt@sjomennt.is](mailto:sjomennt@sjomennt.is)

